



# FRÉTTABLAÐIÐ

6. febrúar 2006 – 36. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**EKKI GÁFULEGT**

Það var ekki gáfulegt hjá Jótlands-póstinum að panta skrípamyndir af Múhameð spámanni í þeim yfirlýsta tilgangi að sporna við því sem forsvarsmenn blaðsins kölluðu sjálfs-ritskoðun.



**Í DAG 18**

**Martraðardráttur**

Ísland dróst gegn Svíþjóð í umspili fyrir HM í handbolta 2007 í gær. Óhætt er að segja að framtíð beggja þjóða í handbolthanum sé undir, því liðið sem kemst ekki á HM á heldur ekki möguleika á því að komast á ÓL í Peking árið 2008.



**ÍPRÓTTIR 28**

**EINN FYRSTI BÚDDISTINN**

Eygló Jónsdóttir er einn af fyrstu búddistum landsins. Hún heillaðist af trúnni í Lundúnum.



**TILVERAN 14**


**KASPAROV FYRIRMYNDIN**

Stefán Kristjánsson sem er nýkrýndur skákmeistari Reykjavíkur byrjaði frekar seint að tefla. Hans helsta fyrirmynd í íþróttinni er Kasparov.



**TÍMAMÓT 20**

**VEÐRIÐ Í DAG**



**FRYSTIR Í DAG** verður norðlæg átt, yfirleitt hæg. Eljagangur norðan til og sums staðar á Suðausturlandi annars þurr og nokkuð bjart. Frostlaust syðra að deginum. Harðnandi frost næstu daga.

**VEBUR 4**

LESTUR MEÐAL 25-45 ÁRA

**Húsnæðisleitin hefst í Fréttablaðinu**

**31%**



Fréttablaðið  
Allt-fasteignir.  
á mánuðegi

**16%**



Mbl.  
Fasteignablað  
Morgunblaðsins

\*Samkvæmt fjölmótlakönnun Gallup í október 2005.

## Tekin með fjögur kíló af amfetamíni

Tveir Íslendingar voru handteknir eftir að hafa reynt að smygla fjórum kílóum af mjög sterku amfetamíni til landsins. Markaðsvirðið er allt að 60 milljónir króna. Párið var úrskurðað í tveggja vikna gæsluvarðhald.

**LÖGREGLUMÁL** Þrítugur karlmaður og tvítug kona voru handtekin við komuna til Íslands í fyrrakvöld eftir að tollverðir og lögregla fundu fjögur kíló af mjög sterku amfetamíni í farangri þeirra. Er þetta eitt mesta magn amfetamíns sem gert hefur verið upptækt í einu hér á landi og það mesta sem fundist hefur hjá Íslendingum.

Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrot, en párið var nýkomið með flugi frá París þegar efnin fundust. Voru þau fagmannlega falin undi fölskum botni í tösku mannsins og áætlað lögregla að markaðsvirði þessa magns af

amfetamíni á götunni sé á bilinu 30 til 60 milljónir króna. Fer það eftir styrkleika efnanna en efnin sem párið reyndi að smygla var mjög hreint og því auðvelt að drýgja það margfalt fyrir til sölu.

Að sögn Jóhanns R. Benediktssonar, sýslumanns á Keflavíkurlflugvelli, náðist párið fyrir tilstuðlan samvinnu lögreglu og tollvarða. Bendir það til þess að lögreglan hafi fylgst með viðkomandi um tíma og jafnvel beðið mannsins en það vildi Jóhann ekki staðfesta.

„Þetta er með því mesta sem við höfum tekið á Keflavíkurlflugvelli af amfetamíni og stærsti

fíkniefnafundur okkar í nokkur ár. Efnin voru falin í tösku mannsins á fagleagan hátt og fyrstu rannsóknir á efninu benda til að það sé óvenju sterkt.“

Þannig efni er hægt að drýgja þrisvar til fimm sinnum eftir styrkleika og miðað við að gangverð á grammi af amfetamíni á landinu í dag er um fjögur til fimm þúsund krónur má gera ráð fyrir að verðmætið liggja einhvers staðar á milli 30 og 60 milljónir króna.“

Párið var úrskurðað í tveggja vikna gæsluvarðhald meðan lögregla rannsakar málið en rannsóknin er í höndum fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík. - aðe



Í SÓLBADI Starfsmönnum sölubæstofunnar Ibiza í Parabakka brá heldur í brún þegar viðskiptavinur gekk berserksgang á stofunni.

## Átök á sölubæstofu: Brjálaður á adamsklæðum

Starfsmönnum sölubæstofunnar Ibiza í Parabakka, var heldur brugðið þegar fáklæddur viðskiptavinur stofunnar braust út úr klefa sínum og gekk berserksgang. Maðurinn hafði komið á stofuna með nokkrum félögum. Svefn hafði sótt á hann í ylnum frá ljósum bekkjarins og þegar félagar hans reyndu að vekja hann vaknaði hann upp af vondum draumi, braut upp lás á klefahurð sinni, kastaði ruslafötu að starfsmanni og velti um koll vörum í afgreiðslunni og rauk á dyr.

Lögreglan var kölluð til sem handtók manninn og keyrði á braut. - sgi

## Fundur í Viðeyjarsundi: Áður óþekkt skipsflak

**KÖFUN** Áður óþekkt flak átta metra stálbáts hefur fundist nálægt Skarfaskeri í Viðeyjarsundi en kafarar könnuðu flakið í fyrsta sinn í gær.

Fundurinn þykir merkilegur fyrir þær sakir að sjávarbotninn við höfuðborgina hefur verið vel kannaður gegnum tíðina án þess að flakið hafi uppgötvast. Um er að ræða átta metra langan opinn vélbát sem liggur á 16 metra dýpi. Er leiðangursmenn engu nær um hvaða bát er að ræða eða hvers vegna hann fórst.

Jón Eggert Guðmundsson, atvinnukafari, hefur kortlagt og birt lista yfir þekkt skipsflök. Er skráð þar um 700 þekkt flök en Jón telur að heildarfjöldi flaka í hafdjúpnum við landið geti verið allt að þúsund talsins. - aðe / sjá síðu 2



**KVEIKT Í DANSKA SENDIRÁÐINU** Reiður mótmælandi veifaði grænum íslömskum fána frammi fyrir danska sendiráðinu sem stóð í björtu báli í Beirút í Líbanon í gær. Lögregla réði ekkert við æsttan múginn sem kveikti í sendiráðinu í mótmælaskyni við teikningar af Múhameð spámanni sem birtust í Jótlandspóstinum í haust.

Æstur múgur mótmælti skopteikningum af Múhameð í Líbanon:

## Kveikt í danska sendiráðinu

**LÍBANON, AP** Reiðin yfir teikningunum af Múhameð spámanni sem birtust í Jótlandspóstinum í haust fer sívaxandi. Í gær kveikti æstur múgur í sendiráði Dana í Beirút í Líbanon, og slösuðust minnst 30 manns í átökunum. Danir höfðu yfirgefið bygginguna tveimur dögum fyrr. Lögregla beitti tárageasi og sprautaði vatni á mótmælendur, og múslimaklerkar reyndu að hafa hemil á mannfjöldanum

og fordæmdu ofbeldið. Einnig voru fjölmennir fundir haldnir í Belgíu, Frakklandi, Afganistan, Egyptalandi, Írak og víðar í gær, og í Tyrklandi hentu mótmælendur eggjum í dönsku ræðismannsskrifstofuna í Istanbul og brenndu eftirlíkingu af Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra Danmerkur. Dönsk stjórnvöld skoruðu í gær á þjóðarleiðtoga í Mið-Aust-


urlöndum að hvetja þegna sína til að halda ró sinni og hætta ofbeldisaðgerðum gegn Danmörku. „Nú er nóg komið,“ sagði utanríkisráðherra Dana, Per Stig Møller í viðtali við danska ríkisútvarpið í gær. „Málið snýst ekki lengur um teikningar. Nú reyna ýmis öfl að ýta undir beinan árekstur milli menningarheima okkar, og það er engum í hag, hvorki þeim né okkur.“ - smk / sjá síðu 4



**3.-4. sæti**

veljum [www.bjorkv.is](http://www.bjorkv.is)  
**BJÖRK**  
Virkjum velferðina – í þágu allra





# TIL HAMINGJU!

Nú eru um 260 milljónir á leiðinni til 20 þúsund viðskiptavina okkar í Stofni. Þannig verðlaunum við fyrir tjónlaust ár. Komdu í hópinn!

**SJÓVÁ**





# Þúsundir viðskiptavina fá *endurgreiðslu ...*



## ... sem munar um!

Árlega verðlaunar Íslandbanki skilvísu viðskiptavini með því að endurgreiða **allt að 6% af vaxtagreiðslum skuldabréfa\***. Þessa dagana fá viðskiptavinir endurgreiðslu inn á reikning sinn, en þær nema samtals tugum milljóna króna.

Þú getur líka komist í raðir viðskiptavina sem fá endurgreitt.

Kynntu þér fleiri kosti **Gullvildar** á [isb.is](http://isb.is) með því að hafa samband við næsta útibú Íslandsbanka eða þjónustuverið í síma 440 4000.

### Dæmi um endurgreiðslu

Hjón á sextugsaldri með 3,2 milljóna óverðtryggt skuldabréfalán fá endurgreiddar rúmlega 23 þúsund krónur.

**GULLVILD**  
- vertu góðu vanur

### Önnur fríðindi:

- 200 fríar debetkortafærslur
- Ókeypis gulldebetkort
- Ókeypis greiðsluþjónusta
- 50% afsláttur af gullkreditkort
- Betri vaxtakjör
- ... og margt fleira



ÍSLANDBANKI | 100%

\* gildir ekki um verðtrygð húsnæðislán með föstum vöxtum



# Ný kynslóð salatbara

## Sjáðu þetta

**40** spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætípastill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir  
0.5 ltr. Coke light með í kaupbæti.\*

\*Tilboðið gildir til 28. febrúar



## Fiskréttur dagsins

**45% afsláttur**

**Kjöt & fisktorgið**

**Ýsa**  
í ananas piparsósu  
Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.  
15-20 mínútur við um 200°C. Gott að  
setja ost yfir áður en sett er inn í ofn.

**TILBOÐ**  
**599** kr/kg  
Verð áður 1.089,-

**Rúnar Gíslason**  
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur  
kokkarnir.is

Gildir 6. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## VEISTU SVARIÐ

**1** Í hvaða landi var kveikt í sendiráð-um Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Chile?

**2** Hverjir urðu í þriðja sæti í Evrópu-mótinu í handbolta?

**3** Hver leiðir lista Samfylkingarinnar í Kópavogi?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Evrópuríki fjalla um listaverk sem nasistar stálu:

# Gyðingar fá listaverkin aftur

**AUSTURRÍKI, HOLLAND, AP** Ríkisstjórn Austurríkis hefur ekki ráð á að kaupa aftur fimm málverk eftir Gustav Klimt af erfingja gyðings sem átti verkin áður en nasistar stálu þeim í seinni heimsstyrjöldinni. Í janúar féll dómur um að ríki skyldi skila verkunum til Mariu Altmann frá Bandaríkjunum. Menningarmálaráðherra Austurríkis sagði að þótt ríkið vildi gjarnan kaupa verkin, sem hafa verið til sýnis í Belvaderekastalanum í Vínnarborg áratugum saman og margir lífa á sem þjóðargesamar, þá hefði landið einfaldlega ekki þá 19 milljarða króna sem þau kosta handbæra.



**RÁNDÝRAR GERSEMAR** Maria Altman fær brátt fimm myndir eftir Gustav Klimt í hendurnar, en þær voru í eigu fjölskyldu hennar fyrir seinni heimsstyrjöldina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórn Hollands reynir nú að ákvarða hvort henni beri, líkt og austurrísku ríkisstjórninni, að afhenda afkomendum listaverksala af gyðingaættum verk sem nasistar stálu í seinni heimstyrjöldinni. Jacques Goudstikker, þá einn helsti listaverksali Hollands, flúði land ásamt fjölskyldu sinni í byrjun stríðsins og skildi eftir 1300 listaverk. Sum þeirra eru geymd í Rijksmuseum í Amsterdam, meðal annars dýrmæt málverk eftir Jan Steen og Salomon van Ruysdael. Önnur verk sem Goudstikkers átti, meðal annars eftir Van Gogh, Rembrandt, Velasquez, Goya og Rubens, eru glötuð.

- smk

Stríðsglæpamanna leitað:

## Lögregla rannsakar nasista

**LUNDÚNIR, AP** Breska lögreglan hefur hafið rannsókn á glæpum fyrrverandi hermanna nasista sem hugsanlega gætu verið búsettir í Bretlandi, að sögn breska dagblaðsins The Guardian.

Eftir seinni heimstyrjöldina voru yfir 8500 fyrrverandi meðlimir SS-sveitanna fluttir til Bretlands til að vinna á bóndabæjum, því landið skorti átaklega vinnuáfl eftir stríðið. Það flækir hins vegar málin að nú er þetta fólk á níræðisaldri eða eldra, og erfitt gæti reynst að finna vitni.

- smk



**GÓÐIR VINIR** Kettir eru vinsælli gæludýr en páfagaukar.

Gæludýraeign landsmanna:

## Kettir vinsælir

**HEIMILI** Gæludýr eru á næstum þriðjungi heimila á Íslandi samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna á tímabilinu 2002-2004.

Þetta er í fyrsta sinn sem gæludýraeign landsmanna er skoðuð sérstaklega og voru vinsældir dýrategunda kannaðar í leiðinni. Kettir eru þar í fyrsta sæti sem eftirlæti dýraeigenda og eru á tæplega tólf prósent heimila en þar á eftir kemur besti vinur mannsins, hundurinn, á um átta prósent. - s.dg

Vísindamenn rannsaka forsögulegan mann:

## Ísmaðurinn var líklega ófrjór

**ÍTALÍA** Maðurinn Oetzi sem lá frosinn í jökli í 5.300 ár var líklega ófrjór að því er kemur fram í nýlegri rannsókn. Niðurstöður hennar birtust í nýjasta hefti bandaríska vísindablaðsins, The American Journal of Physical Anthropology.

Oetzi fannst í jökli í ítölsku Ölpunum árið 1991. Í fyrstu var talið að hann hefði dáíð úr kulda, en hluti af ör sem fannst í baki hans og sár á höndum benda til þess að líklegra sé að hann hafi dáíð eftir átök.

Vísindamenn telja að hugsanleg ófrjósemi Oetzis gæti hafa hrundið af stað þeirri aburðarrás sem leiddi til dauða hans. Þeir velja

upp þeirri spurningu hvort á þessum tíma hafi verið einhver vitneskja eða skilningur á ófrjósemi karla og þá hvort barnleysi gæti hafa bent til félagslegs veikleika. Rannsóknir af þessu tagi, þar sem unnið er með hvatbera-DNA sem erfist í gegnum móður, geta sagt mikið en hafa þó sínar takmarkanir. Þar eru eingöngu upplýsingar um kvenlegginn. Með kjarna-DNA er hægt að byggja upp mun heilsteyptari mynd en það er hins vegar mjög erfitt að ná í slíkt eftir svona langan tíma.

-hbv

**ÍSMADURINN OETZI** Oetzi fannst árið 1991 eftir 5.300 ára dvöl í jökli í ítölsku Ölpunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# Nokkrir góðir!



Laugavegi

**Audi A4 2,0 sjálfsk.**

skráður 12/02 ek. 61.000

verð 2.250.000 kr. verð áður 2.450.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **36.078 kr.** í 60 mán.\*



Laugavegi

**Toyota Avensis 1,8 sjálfsk.**

skráður 01/05 ek. 25.000

verð 2.190.000 kr. verð áður 2.290.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **26.519 kr.** í 84 mán.\*



Laugavegi

**VW Touran 1,6 sjálfsk.**

skráður 06/05 ek. 7.000

verð 2.360.000 kr. verð áður 2.460.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **28.572 kr.** í 84 mán.\*



Laugavegi

**MMC Lancer 1,6 sjálfsk.**

skráður 08/03 ek. 44.000

verð 1.350.000 kr. verð áður 1.450.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **21.681 kr.** í 60 mán.\*



Kletthálsi

**Skoda Octavia 2,0 sjálfsk.**

skráður 02/04 ek. 29.000

verð 1.590.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **21.870 kr.** í 72 mán.\*



Kletthálsi

**VW Golf 2,0 FSI sjálfsk.**

skráður 03/04 ek. 31.000

verð 2.290.000 kr. verð áður 2.440.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **31.465 kr.** í 72 mán.\*



Kletthálsi

**VW Polo Basicline 1,2 beinsk.**

skráður 06/04 ek. 43.000

verð 950.000 kr. verð áður 1.090.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **13.097 kr.** í 72 mán.\*



Kletthálsi

**Skoda Superb 2,8 V6 sjálfsk.**

skráður 10/03 ek. 28.000

verð 2.890.000 kr. verð áður 3.090.000 kr.

Afborgun pr. mán.: **39.690 kr.** í 72 mán.\*

Aukahlutir: Leðurinnrétting - Sölluá - Hiti í sætum.

Opið mánudaga til föstudaga 10-18 • Laugardaga 12-16

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is



www.bilathing.is  
bilathing@hekla.is

**BÍLAPING HEKLU**  
Númer eitt í notuðum bílum



# MAGNAÐUR HAGNAÐUR!!!

ALLTAF  
ÓDÝRARI

MERKIVÉL DYMO  
LABELPOINT 200 KIT  
HANDHÆG MERKIVÉL SEM  
SKRIFAR BÆÐI LÁRÉTT OG  
LÓÐRÉTT. 70 MISM. TÁKN.  
KEMUR Í GÓÐRI TÖSKU.  
SPENNUBREYTI FYLGIR



verð áður:  
12.900

5.900 KR.

verð áður:  
1.990

990 PK.



25  
Í PAKKA

maxell  
CD DISKAR

verð áður:  
229

139 KR. STK.



BRÉFABINDI 7 CM  
MARGIR LITIR

verð áður:  
1.590

499 PK.



maxell  
DVD+R VIDEO 120 MIN/5

verð áður:  
1.590

499 PK.



maxell  
DVD-R VIDEO 120 MÍN/5

verð áður:  
240

139 STK.



4  
LITIR

BRÉFABAKKI A4, 4 LITIR

99 KR.PK.

10  
Í PAKKA



HULSTUR F. 1CD 10STK



HJÁ OKKUR ERU NÆG BÍLASTÆÐI OG GOTT AÐGengi

Skeifunni 11d  
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18  
Laugardaga 10-14

GRIFFILL

# Má spara þér sporin?



## Ný þjónusta við flokkun og endurvinnslu!

Nú geta íbúar á höfuðborgarsvæðinu fengið sérmerкта endurvinnslutunnu hjá Gámaþjónustunni hf. sem m.a. tekur við öllum pappír heimilisins, dagblöðum, tímaritum, umslögum, skrifstofupappír og pappa, fernum, plast-umbúðum og málmum.

### Einfalt í framkvæmd:

Allur pappír og bylgjupappi má fara beint í tunnuna en fernur, málmur og plast fari í aðskilda poka í sömu tunnu.

Mánaðargjald fyrir hverja tunnu er 990 kr. og tæmt verður á fjögurra vikna fresti.

Endurvinnslutunnuna er hægt að panta í síma 535 2510, á netfanginu [gamar@gamar.is](mailto:gamar@gamar.is) og einnig á heimasíðu Gámaþjónustunnar hf.

[www.gamar.is](http://www.gamar.is)

Komið verður með tunnur heim til viðtakenda.



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**  
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Sími: 535 2500 • [gamar@gamar.is](mailto:gamar@gamar.is) • [www.gamar.is](http://www.gamar.is)

Erlendur golfbrellumeistari kemur til landsins um næstu helgi:

## Golfsýning haldin á Nordica

**SÝNING** Breski golfbrellumeistariinn David Edwards mun leika listir sínar fyrir gesti golfsýningarinnar „Þín íþrótt – Þín sýning – Golf á Íslandi 2006“. Edwards hefur verið atvinnumaður í golfi í 30 ár og keppt og sýnt á fjölda sýninga um heim allan. Hann verður meðal sýnenda á þessari fyrstu sýningu og ráðstefnu um golfíþróttina sem haldin er hér á landi. Sýningin verður á Nordica hóteli helgina 11. til 12. febrúar. Er hún samstarfsverkefni Golfsambands Íslands og IceExpo. Einnig kemur Ícelandair að sýningunni og kynrir golfferðir innanlands sem utan.



**GOLFSÝNINGIN VERÐUR ÖLLUM OPIN**  
Gústaf Gústafsson, Hörður Þorsteinsson og Guðjón Arngrímsson eru meðal aðstandenda sýningarinnar.

Fjölbreytt dagskrá fyrirlestra verður á vegum GSÍ um ýmsar hliðar golfíþróttarinnar, jafnt

grasvallarrannsóknir, æfingar og þjálfun sem og golfíþróttina sem heilsurækt. Meðal annarra fyrirlesara má nefna Nick Edmund, framkvæmdastjóra Faldo design, sem ræðir um uppbyggingu alþjóðagolfvallar í Ölfusi.

Að sögn Gústafs Gústafssonar sýningarstjóra á sýningin að vera fyrst og fremst skemmtileg. Gestum er gefinn kostur á að taka þátt í leikjum og keppnum, s.s. puttkeppni, „drive“-keppni og holu-í-höggi keppni í golfhermi og hægt er að vinna til verðlauna. Rétt er þó að benda á að reglur um atvinnumannaréttindi gilda á sýningunni.

Ensk rannsókn á heilsuþótaráhrifum kynlífs:

## Samfarir góðar við streitu

**HEILSA** Það er ekkert nýtt að gott kynlíf minnkar streitu, en nú hafa vísindamenn í Englandi komist að því að það verða að vera alvöru samfarir til að hafa æskilegust áhrif á heilsufarið. Kynlíf án samfara skilar ekki sama árangri, að því er fram kemur í rannsókn sem unnin var á vegum Paisley-háskóla í Englandi og sagt er frá á fréttavef danska blaðsins Politiken.

Stuart Brody, sálfræðingur við skólann, bar saman áhrifin af mismunandi kynlífsathöfnum með því að mæla blóðþrýsting þeirra sem þátt tóku í tilrauninni undir streituvaldandi kringumstæðum í kjölfarið á kynlífi. Kom þar skýrt fram að blóðþrýstingurinn féll hraðast í eðlilegt horf hjá þeim sem haft höfðu samfarir. Þeir sem höfðu fróað sér eða stundað aðrar kynlífsathafnir án samfara fengu meiri streitueinkenni í tilraunun-



**STREITUVERND** Samkvæmt nýrri rannsókn lækkar kynlíf blóðþrýstinginn.

um, sem fólu meðal annars í sér að ávarpa fjölmenni og reikna erfið dæmi í huganum og hrópa milliniðurstöðurnar upphátt að öðrum viðstöddum. Þó voru þeir

sem ekki höfðu stundað neitt kynlíf sýnu stressaðastir; þeir mældust með langhæsta blóðþrýstinginn við hinar streituvaldandi tilraunaaðstæður.

# 1.550.000,-\*



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



Beinskiptur - 1.6 lítra vél – Mánaðargreiðsla 18.583,-\*\*

\*Opel lítur ekki lengur út eins og Opel.

**ÞESSI ER HLADIN AUKABÚNAÐI:** ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölvu og margt, margt fleira.

Það geta fáir boðið eins ríkulegan aukabúnað á svona lágu verði. Opel Astra hefur verið endurhugsuð frá grunni og útkoman er gjörbreyttur bíll að innan sem utan. Kynntu þér nýja Opel Astra í dag.



NCAP eru leiðandi í öryggis- og áreksrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

**Ingvar Helgason**


Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

\*\* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði. Aukabúnaður á mynd: þokuljós og álfelgur.

# GÓÐ ÁVÖXTUN ÁRIÐ 2005



Líkt og undanfarin ár skiluðu fjárfestingarleiðir Vista mjög góðri ávöxtun árið 2005 og hækkuðu þær töluvert meira en viðmiðunarvísitölur þeirra. Fjárfestingarleiðin *Innlend hlutabréf* skilaði 67,4% nafnvöxtun sem er 2,7% prósentustigum umfram hækkun Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Er þetta jafnframt hæsta ársávöxtun frá því að sjóðurinn var stofnaður.



Árið 2005 fjölgaði sjóðfélögum Vista um 8500 og er heildarfjöldi þeirra nú 27.220. Eignir sjóðsins jukust um 100% og voru í lok árs 3.795 milljónir króna. Viðbótarlífeyrissparnaðurinn Vista hefur þá sérstöðu að KB banki leggur árlega til lokabónus sem er eign sjóðfélaga.

Nánari upplýsingar um Vista hjá lífeyrissráðgjöfum  
í síma 444 7000 eða á [kblifeyrir.is](http://kblifeyrir.is).



# Hreinar hendur örugg samskipti

Tilboð  
febrúar 2006  
Dax handspritt,  
krem og sápur



TUNELIA RV6203A

Jóhanna Runólfssdóttir  
Sjúkraliði, ráðgjafi hjá RV

DAX skammtari  
snertifrír

5.973 kr.



DAX handspritt  
í snertifr.

650 kr.



DAX handáburður  
250ml

238 kr.



DAX handsápa  
mild 600ml m.dælu

197 kr.



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



## NISSAN X-TRAIL ELEGANCE



SKIPT\_ um væntingar



TILBOÐSVERÐ / SJÁLFSKIPTUR

**2.790.000 kr.**

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

17" álfelgur, lítað gler, 6 diska geislaspilar, 3 drifstillingar, rafstýrð leðursæti, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

- „Bestur“ – Fifth Gear
- „Best recreational 4x4“ – Auto Express
- „Best compact 4x4“ – What Car?
- „Best in class“ – Channel 4
- „Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Aukahlutapakki að verðmæti 120.000,-

Öllum Nissan X-TRAIL sem keyptir eru í febrúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli

Veiðikortíð 2006 fylgir öllum 4x4 Nissan bílum



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00

Íhaldssamir Japanar:

## Deila um ríkiserfðir kvenna

JAPAN, AP Japanskir þingmenn lýstu yfir áhyggjum sínum á föstudag af áætlun forsætisráðherrans um að leggja til laga-breytingar svo að kvenmaður geti erfð keisaratignina.

Þótt lagabreytingarnar njóti stuðnings í Japan, mótmæla sífellt fleiri íhaldssamir þingmenn og háskólamenn þeim og segja þær stofna aldagamalli hefð í hættu. Drengur hefur ekki fæðst innan keisarafjölskyldunnar í rúm 40 ár. Verði Aiko, fjögurra ára einkadóttur krónprinsins, leyft að erfa tignina, verður það í fyrsta sinn í rúm 200 ár sem kona er þjóðhöfðingi í landinu.

- smk



MÓTMÆLI Viðskiptaráðherra Japans, Takeo Hiranuma, á fundi sem haldinn var til að mótmæla fyrirhuguðum lagabreytingum varðandi keisaratignina. FRÉTTABLAÐIÐ/AF



Á LEIÐ ÚT Sænski erkibiskupinn Karl Gustav Hammar hættir störfum sínum sem slíkur á næstunni, en tvö systkina hans berjast nú um stöðuna. NORDICPHOTOS/AF

## Systkinaerjur í kosningum

Svíar deila þessa dagana um næsta erkibiskup Svíþjóðar, og hafa systkini Karls Gustavs Hammers erkibiskups vakið töluverða athygli í þeim málum.

SVÍPJÓÐ, AP Nú þegar sænski erkibiskupinn er um það bil að hætta störfum sem slíkur, færast deilurnar um arftaka hans í aukana, bæði opinberlega og innan fjölskyldu hans. Tvö systkini hans eru nefnilega í framboði, og eru ekki allar sendingarnar þeirra á milli fallegar.

Helst vekur það athygli að systirin, Anna Karin Hammar, er lesbískur prestur, og bróðirinn, Hans Börje Hammar, sleppti hennu fyrir tveimur árum og vinnur nú sem guðfræðiprófessor.

Karl Gustav Hammar hefur þjónað sem erkibiskup Svíþjóðar síðan árið 1997 en sagði embætti sínu lausu af persónulegum ástæðum frá og með ágúst á þessu ári. Stjórn kirkjunnar hefur útnefnt tólf presta sem hugsanlega arftaka hans, en jafnframt er öllum meðlimum kirkjunnar heimilt að bjóða sig fram.

Hans Börje, eldri bróðir erkibiskupsins og séra Önnu Karinar, er einn þeirra, þótt hann sé hættur störfum sem prestur. Hann er orðinn einn umtalaðasti frambjóðandinn vegna greinar sem hann

skrifaði í Svenska Dagbladet á dögnum. Í þeirri grein ýjaði hann að því að systir þeirra bræðra væri ekki hæf til embættisins vegna kyns hennar og kynhneigðar. Anna Karin býr með konu í skráðri sambúð, en í grein sinni sagði Hans Börje að hjónaband væri „sérstakt samband“ milli karls og konu eins og kynfærin sönnuðu, og að ekki væri tímabært að kona stýrði sænsku kirkjunni. Orð þessi hafa farið fyrir brjóstið á mörgum, því Svíar eru afar stoltir af jafnréttis- stefnu sinni.

Anna Karin hefur neitað að tjá sig um orð eldri bróður síns.

Karl Gustav erkibiskup hefur sjálfur hrært í mörgum sóknarborðum í embætti sínu vegna frjálslýndra skoðana sinna á samkynhneigð og yfirlýsinga um að guð skipti sér ekki af daglegu lífi fólks.

Forkosningar verða haldnar á miðvikudag, og munu allir frambjóðendur sem fá meira en fimm prósent atkvæða fá að halda áfram. Aðalkosningarnar verða fara svo fram þann 15. mars.

smk@frettabladid.is

Forstjóri Air Atlanta um uppsagnir:

## Flestir fá annað starf

UPPSAGNIR „Við tókum það skýrt fram á fundinum að unnið hefði verið að því að reyna að finna sem flestum annað starf í staðinn,“ segir Hafþór Hafsteinsson, forstjóri Air Atlanta.

Heimildir Fréttablaðsins herma að allnokkrir þeirra ellefu starfsmanna sem sagt var upp síðastliðinn mánudag séu ósáttir við yfirlýsingar Hafþórs í fjölmiðlum um að reynt hafi verið að

finna þeim önnur störf. Segja þeir ekkert hæft í þeim orðum og fyrirtækið hafi ekki lýst yfir vilja til aðstoðar í kjölfar uppsagnanna. Því vísar Hafþór á bug og segir Atlanta hafa verið í sambandi við ráðningarstofur um tíma vegna umræddra uppsagna. „Það kom alveg skýrt fram að svo hefði verið á fundi okkar með starfsfólkinu.“

- aðe

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

Þjóðbúningar Simbabve:

## Lendaskýlur ósiðsamlegar

**SIMBABVE** Bræður í Simbabve hafa látið undan yfirvöldum þar í landi og ákveðið að hætta að ganga í þjóðbúningi sínum, lendaskýlum. Þeim hefur verið skipað að klæðast vest-rænum stuttbuxum og skyrtum, að því er fram kemur á fréttavef BBC.

Ungu mennirnir voru ákærðir fyrir ósiðlegt athæfi og voru handteknir á leið sinni í verslanir, íklæddir eingöngu lendaskýlum úr geitaskinni sem ekki huldu rasskinnar þeirra. Þeim var varpað í fangelsi og máttu dúsa þar í tvær vikur á meðan andlegt heilbrigði þeirra var kannað. Málið hefur vakið mikla athygli víðs vegar í Afríku. - smk

## BANDARÍKIN

**Feministi deyr** Rithöfundurinn og kvenréttindakonan Betty Friedan lést á heimili sínu í Washington á laugardag, á 85. afmælisdegi sínum. Friedan var þekktust fyrir skoðanir sínar sem frjálslyndur feministi, og kollvörpuðu þær hugmyndum um stöðu konunnar snemma á sjöunda áratug síðustu aldar. Hún hélt því fram að konur þyrftu meira en hjónaband og börn til að finna tilgang í lífi sínu.

## ÍTALÍA

**Mussolini látinn** Djasstónlistarmaðurinn og málarinn Romano Mussolini, sonur einræðisherrans Benitos Mussolini, lést á föstudag. Hann var 78 ára gamall. Lát hans var tilkynnt á vefsíðu dóttur hans, fegurðardísarinnar og stjórnmálakonunnar Alessöndru Mussolini. Á sínum tíma bannaði einræðisherrann djass, en bannið náði ekki til fjölskyldu hans.

**Útsala**  
**10-70%**  
**afsláttur**

Z-brautir og gluggatjöld  
Faxafeni 14 108 Reykjavík  
Sími: 525-8200 Fax 525-8201 z@z.is



**SÁ TIÚPÚSUNDASTI** Húsvíkingurinn Ingólfur Árnason var tíupúsundasti félagsmaðurinn í KEA og fékk fyrir vikið stafræna myndavél að gjöf frá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Félagsmönnum í KEA:

## Hefur fjölgað um fjórðung

**KEA** Félagsmönnum í Kaupfélagi Eyfirðinga hefur fjölgað um fjórðung á undanföllum þremur mánuðum og er félagafjöldinn kominn í tíu þúsund. Húsvíkingurinn Ingólfur Árnason varð tíupúsundasti meðlimurinn er hann skráði sig í félagið í lok síðustu viku.

KEA hefur að undanföllum unnið markvisst að fjölgun félagsmanna og í þessum mánuði fá félagsmenn send fríðindakort í pósti sem veitir þeim afslátt hjá samstarfsaðilum KEA. - kk

Türkmenskir ellilífeyrisþegar:

## Tugþúsundir tekjulausar

**TÜRKMENISTAN, AP** Forseti Túrkménistans, Saparmurat Niyazov, hefur ákveðið að hætta að greiða ellilífeyri til rúmlega 100.000 eldri borgara í landinu, og að færa greiðslur vegna veikinda- og fæðingarorlofs úr ríkissjóði yfir á fyrirtæki.

Nýju lögin tóku gildi á miðvikudag, en nýverið lýsti Niyazov, sem lætur kalla sig „föður allra Túrkména“, því yfir að í fyrra hefði ríkið neyðst til að greiða ellilífeyrinn af gjaldeyrisforða landsins. Talsmaður félagsmálaráðuneytisins sagði að enn myndu 229.000 af 336.000 ellilífeyrisþegum fá eftirlaun, en tekjur margra myndu skerðast með tilkomu nýju laganna. - smk

Mannætan í Svíþjóð:

## Löggan hrædd við hunda

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir lögreglumenn sendu 16 ára stúlku, Malínu, á undan sér inn í íbúð mannættunnar sem sagt var frá nýlega, og það áður en þeir fóru sjálfir inn í íbúðina. Þetta gerðu þeir af ótta við hund sem galti í íbúðinni. Stúlkan átti að róa hundinn svo lögreglu-mennirnir kæmust inn.

Á vefútgáfu Aftonbladet kemur fram að stúlkan hafi farið skjálfaandi á beinunum af ótta inn í íbúðina, en á eldhúsgólfinu lá mágkona mannættunnar í blóði sínu, látin. ■

**Mamma mín á sjöhundruð þúsund grilljón milljónir**

Hvað hefur þú gert til að tryggja afkomu þína og þinna nánustu í framtíðinni? Lífis söfnunarlíftrygging er með bestu ávöxtunarmöguleikum fyrir þinn sparnað. Síðastliðið ár hefur **ávöxtun söfnunarleiða verið 12-33%\*** og hún er **9-10,5% á ári síðustu 7 árin**. Sýndu fyrirhyggju og byrjaðu að spara!

- Þú sparar reglulega en ert jafnframt með líftryggingu.
- Þú getur valið um að fjárfesta í íslenskum og erlendum hlutabréfum og skulda-bréfum í gegnum Lífis sjóðina sem ávaxtaðir eru í samvinnu við KB banka.
- Lágmarkssöfnun er **aðeins 3.000 kr. á mánuði**.
- 4 söfnunarleiðir og Lífína sem færir viðskiptavini sjálfkrafa á milli söfnunarleiða.
- Söfnun er greidd út í einu lagi að loknum samningstíma.

**Tryggðu afkomu þína og þinna nánustu í framtíðinni, Lífis því fyrir því betra!**

Útgefandi Lífis trygginga er Lífis tryggingafélag Íslands.

Lífis/Vátryggingafélag Íslands  
Ármúla 3 · 108 Reykjavík  
Þjónustuver 560 5000 · www.lifis.is

\*Miðað við nafnvöxtun 1. janúar 2006. Athugið að ávöxtun í fortíð þarf ekki að vera vísbending um ávöxtun í framtíð.

**Lífis**

## „ORÐRÉTT“

## Löghlýðin líkamsrækt

„Maður vill ekki svindla á ljósum.“

BJÖRN LEIFSSON Í WORLD CLASS UM NYJA HLAUÐRAÐBRAUT SEM STÝRT ER MEÐ UMFERÐAR-LJÓSUM, Í FRÉTTABLAÐINU.

## Rétt skal vera rétt

„Það er ekki hægt að vera þakklátur fyrir að fá eitthvað sem maður á fyllilega rétt á.“

HEIÐAR FREYR ÁGÚSTSSON UM RÉTTINDI SAMKYNNHNEIGÐRA Í MORGUNBLAÐINU.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? KOLBRÚN BJÖRGÓLFSDÓTTIR LEIRLISTAKONA

## Við erum heltekin bæði tvö

„Það sem er að frétta af mér akkúrat núna er að ég er nýkomin af alveg frábæru námskeiði í gífssteypugerð þar sem ég var loksins að bæta við mig eftir mörg ár. Það var afskaplega fróðlegt og skemmtilegt.“ segir Kolbrún Björgólfadóttir leirlistakona sem var nýkomin heim frá Danmörku þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

Kogga, eins og hún er alltaf kölluð, á keramikgalleríið á Vesturgötunni sem ber nafn hennar. Hún segir að mikið sé að gera hjá allri fjölskyldunni. Eiginmaður hennar, Magnús Kjartansson listmálari, starfar við hlið hennar við listsköpun í galleríinu og segir Kogga að leirinn hafi bókstaflega heltekið hann. Börnin þeirra tvö eru við nám, dóttirin Elsa Björg í heimspekinámi í London og Guðbrandur stundar nám við Menntaskólann í Reykjavík. Hann fetar þar í fótspor föður síns og kom aldrei annað til greina en að fara í MR.

„Framundan er að taka þátt í sýningu í London í haust. Það er kannski bjartsýni því 2000 manns sækja um en bara 220 fá að koma. Þetta er mjög þekkt sýning sem heitir Chelsea Craft Fair. Það verður spennandi að sjá hvort ég kemst inn því þetta er mjög viðurkennd sýning og allir sem vettlingi geta valdið koma að skoða. Þátttaka í sýningunni getur veitt aðgang að frægum galleríum í Evrópu, svo ég er rosalega spennt“, segir Kogga og hlær við.



nær og fjær  
**tilveran**

## SJÓNARHÓLL

BIRTING Á SKOPMYNDUM  
AF MÚHAMED



BJARTMAR GUÐLAUGSSON  
TÓNLISTARMAÐUR

## Enga rit-sköðun takk!

„Mér finnst bara að listamenn eigi að hafa frelsi til að teikna og mála hvað sem er án þess að bókstafstrúarmenn séu eitthvað að trufla þá,“ segir Bjartmar Guðlaugsson, tón- og myndlistarmaður um deilurnar sem skapast hafa eftir að Jótlandspósturinn birti skopmyndir af Múhamed.

„En svo virðist sem bókstafstrúarmenn vilji vera að fetta fingur út í frelsi listamanna, sama hvernig trúar þeir nú eru. Til dæmis hafa kaþólikkar verið að trufla Sínead O' Connor í heilan áratug svo þetta er ekki bara eitthvað sem múslimar viðhafa,“ segir Bjartmar og vitnar í aðför kaþólikka að írsku söngkonunni eftir að hún reif mynd af páfanum í sjónvarpsþætti. „Ég læt aldrei trúarskoðanir og hvað þá pólitískar skoðanir trufla neitt af því sem ég er að gera og stend því algjörlega með dönsku listamönnum sem hafa sent frá sér ályktun í málinu,“ segir Bjartmar.

## Með fyrstu búddistum landsins

Til allrar lukku hnýta ekki allir bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir. Eygló og Sjöfn Jónsdætur eru með fyrstu Íslendingum svo vitað sé sem snerust til búddatrúar. Þeir sem heyrðu til þeirra hér áður á bænastundum álitu þær helsti undarlegar. Nú í dag hugsa margir sem svo að trúarbrögð sem Tina Turner og Richard Gere aðhyllast geti varla verið svo slæm.

„Ég kynntist þessum trúarbrögðum þegar ég var tvítug en þá fór ég sem au pair til Lundúna og fósturforeldrarnir voru búddatrúar,“ segir Eygló.

Á þeim tíma var ekki mikið um það að menn storkuðu samfélaginu með slíkum viðsnúningi. „Ég fann samt ekki fyrir neinu mót-læti vegna þessa. Það var ekki fyrr en ég stofnaði fjölskyldu að ég fór að verða þess áskynja að börnin mín yrðu fyrir einhverjum óþægindum vegna þessa. Ég man til dæmis eftir því að einn nágranni minn hringdi í mig og sagði mér að hann vildi ekki að mín börn væru að leika við hans þar sem ég væri búddatrúar.



SJÖFN OG EYGLÓ JÓNSDÆTUR Þær systur og trússystur eru hér við lítið altari í stofunni hjá Eygló. Þar fer hún með bænir bæði kvölds og morgna. Heyrist þá stundum yfir til nágranna og álitu sumir þeirra Eygló skrítna fyrir vikið en það er lítið tíð.

Þetta sló mig virkilega,“ segir Eygló.

Foreldrar hennar urðu í fyrstu nokkuð gáttaðir þegar þeir endurheimtu dóttur sína búddatrúar úr au pair-vistinni. „Þau héldu að þetta væri einhver bóla sem rynnir svo sitt skeið,“ segir Eygló.

Málið horfði öðruvísi við systur hennar, en Sjöfn og Lóa snerust einnig til búddatrúar. Lóa er nú fallin frá en Sjöfn er á fullu með systur sinni í búddasamtökum hér á landi sem í eru um 145 félagsmenn. Samtökin tilheyrja Soka Gakkai International en þeim tilheyrja rúmlega 12 millj-

ónir manna í 190 löndum víða um heim.

Sjöfn á sex börn og segist ekki beita þau þrýstingi svo þau taki hennar trú. „Ég reyni aðeins að vera góð fyrirmynd og miðla öllu því besta til þeirra. Reyndar hefur elsta dóttir mín verið mjög iðin í starfi samtakanna en það var algjörlega hennar val,“ segir Sjöfn.

Undanfarið hafa miklar umræður átt sér stað um kristni og íslam, ekki síst í ljósi baráttu samkyhnneigðra til að mega giftast og birtingar Jótlandspóstsins á skopmyndum af Múhamed.

Hvað skyldu búddatrúarmenn segja um þessa umræðu?

„Helstu boðorðin í búddatrú eru í fyrsta lagi jafnrétti þannig að allir eigi jafnan rétt og allir hafi rétt á því að lifa með reisin. Í annan stað segjum við að lífið sé það allra heilagasta svo við erum alfaríð á móti öllu stríði og ofbeldi. Í þriðja lagi segjum við að hver og einn eigi að stuðla að eigin hamingju svo hann geti einnig stuðlað að hamingju annara. Við metum þessi mál eins og öll önnur út frá því,“ segir Eygló og lætur blaðamann um að ráða í restina. [jse@frettabladid.is](mailto:jse@frettabladid.is)

## DV

Hefur þú séð DV í dag?

ÞÓRIR KÁRL JÓNASSON ER HÆTTUR Í  
PROFKJÖRI SAMFYLKGINGARINNAR

FRAMVÍSADÍ  
FÖLSUÐUM  
LYFSEÐLI FYRIR  
DAUÐATÖFLUM

„Fólk gerir mistök  
í gegnum lífið“



Nágrannar taka sig saman um jólaskeiðingur í Hafnarfirði:

## Tíma vart að taka skrautið

Eflaust hafa margir vegfarendur í Hafnarfirði veitt miklum jólaskeiðingum í gördum húsanum við horn Hringbrautar og Jófríðarstaðavegs athygli. Einkum og sér í lagi nú þegar samkeppnin er orðinn frekar lítil í þessum efnunum.

„Við erum ekki úr rétttrúnaðarkirkjunni,“ segir Eygló Jónsdóttir, íbúi við Hringbraut kankvís, en rétttrúnaðarmenn halda jólin seinna en venja er hér á landi.

„Við höfum samráð um það að skreyta garðana okkar enda er samhelndi hér mikil meðal nágrannanna. Á sumrin hoppum við oft yfir girðinguna og förum



LJÓSIN SKÍNA SKÆRT í sumum götum í Hafnarfirði létta jólaljósinn íbúum bæjarins lundina langt fram á nýtt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í grill hvert hjá öðru enda eru nágrannarnir gaflarar eins og við,“ segir hún, en fyrir þá sem ekki vita verða menn að vera innfæddir Hafnarfirðingar til að geta kallast gaflarar.

„Þetta var miklu meira, við höfum tekið eitthvað niður en það er varla að maður tími að taka allt,“ segir hún og brosir. Einn samráðsmaðurinn hefur þó stigið skrefið til fulls og er búinn að taka niður allt skrautið.

Þeir sem vilja líta þetta skrautlega samráð geta gengið að því vísu um næstu jól enda er marga ára hefð fyrir þessu gaflarafram-taki. - jse

# Mánudags veisla!

Bestir í kjöti  
**NÓATÚN**  
í 40 ár

Chester  
**TILBOÐ!**



**10**  
BITA-  
TILBOÐ **129** kr.  
10 BITAR Á KR. 1.298  
CHESTER TILBOÐ  
129 KR. BITINN M.V. 10 BITA  
biti



Sparaðu  
**200** kr.

GRATINERUÐ  
ÝSA  
Í SVEPPASÓSU  
**998** kr.  
kg

**Heilsutilboð!**  
Salatbox  
og 0,5 l Toppur, sítrónu



samtals **349** kr.



Sparaðu  
**499** kr.  
REYKT  
ÝSUFLÖK  
**699** kr.  
kg



TVÖFALDUR  
CHEERIOS  
1.050 g  
**299** kr.  
pk



CHARMIN  
WC RÖLLUR  
32 STK  
**998** kr.  
pk



BRINK  
HRÍSKÖKUR  
**99** kr.  
pk



**2** FYRIR **1**

2 FYRIR 1  
MYLLU  
SAMLOKUBRAUÐ  
**259** kr.  
2pk



**NÓATÚN**

**OPIÐ**  
TIL  
KL. **21** ALLA  
DAGA







# Aðeins hágæða efni frá Múrbúðinni

Pegar valið var flísalím til að nota við flísalögn í hinni glæsilegu Queen Elizabeth II síðastliðið sumar kom aðeins til greina að nota Bostik/Ardal flísalím og fúgu frá Múrbúðinni.



Við bjóðum heildarkerfi í flísalögn sem stenst allar væntingar hins kröfuharða íslenska markaðar



Ardaflex Top



Ardaflex leicht



Ardaflex schnell



Ardaflex Marmor



Deka Flex flísalím  
Verðdæmi: 25 kg kr. 1.590,-



Deka flísalím



Flexdicht rakamembra



Flexborði 120 mm x 10 m



Unipox Epoxy fúga



Serpo fúga frá Maxit



Ardal Maxi fúga



## MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



## UPPBOÐSVEFUR

Margir munir hafa skipt um eigendur á vefnum uppboð.is

BLS. 3



# allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

### FASTEIGNASÖLUR

Atlas	32
Ás	6-8
Árborgir	34
Bakki	27
Búmenn	34
Búseti	33
Draumahús	19-26
Eignamiðlun Suðurn.	27
Eignastýring	10
Fasteignastofan	11
FMG fasteignasala	17
FMH fasteignasala	29
Foss	9
HB	34
Hof	11
Hraunhamar	16
Lundur	12-13
Lyngvík	15
Lögmenn Suðurl.	14
Neteign	17
Nýtt	37
Remax Mjódd	14
Smárinn	30-31
Valhöll	35
X-hús	28



Lyngberg 13A.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn  
6. febrúar, 37. dagur  
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag	
Reykjavík	9.53	13.42	17.32
Akureyri	9.48	13.26	17.06

Heimild: Almanak Háskólans

## Eiguleg húseign með innbyggðum bílskúr

*Parhús sem stendur í ræktaðri lóð við Lyngberg í Hafnarfirði er til sölu hjá Hraunhamri.*

Parhúsið sem um ræðir er tæpir 150 fermetrar að stærð með 26 fermetra bílskúr og er vel staðsett við botnlanga. Það er byggt árið 1988, steinsteypt, en innréttingar hafa verið mikið endurnýjaðar.

Gengið er inn í rúmgóða flísalagða forstofu. Þaðan er innangengt í þvottahús og úr því í bílskúr. Frá forstofu er einnig gengið

í sjónvarpshol. Stofa er rúmgóð og björt með borðstofu. Hátt er til lofts og útgangur á góða timburverönd í bakgarði með heitum potti. Eldhús er inn af stofu með fallettri ljósri innréttingu og gashelluborði. Steinn er á borðum og stál milli skápa. Í eldhúsinu er líka borðkrókur. Öll gólfefni í húsinu eru fyrsta flokks, nýlegt eikarparkett og flísar. Hjónaherbergi er rúmgott með skáp, einnig eru tvö önnur herbergi með stiga upp á milliloft, sem nýtist vel sem svefnaðstaða.

Bílskúrinn er með millilofti að stærstum hluta. Ásett verð er 38.500.000.

## Breytingar í miðborginni

NÝ TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI KIRKJUTORGSREITS Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR HEFUR VERIÐ KYNNT.

Kirkjutorgsreitir afmarkast af Lækjargötu, Vonarstræti, Templarasundi, Kirkjutorgi og Skólaláru. Hin nýja tillaga gerir ráð fyrir talsverðu niðurrífi á svæðinu og uppbyggingu í kjölfarið. Til stendur að rífa hús Íslandsbanka við Lækjargötu 12, Foreldrahús og lága byggingu við Vonarstræti 4B. Í staðinn á að byggja klasa með háum og djúpum húsum sem liggja þétt upp að byggingum sem fyrir eru og hækka tvö gömul hús við Templarasund og Kirkjutorg. Neðanjarðar er áformuð bilageymsla með 161 stæði.

Ekki hefur verið ákveðið hvenær framkvæmdir hefjast og þess er beðið að borgaryfirvöld samþykki nýtt skipulag.



Svona verður útsýnið norður eftir Lækjargötu ef tillögurnar ná fram að ganga. Af [www.skipbygg.is](http://www.skipbygg.is)



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)

# Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

## Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánnum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á [fasteignathjonusta@landsbanki.is](mailto:fasteignathjonusta@landsbanki.is)



Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

**Sumarhús** standa oft ónotuð allan veturinn. Þegar fer að vora fara sumarhúsaáeigendur hins vegar að huga að húsum sínum og því sem þar þarf að gera.



**Stigar & Handrið**  
Innihurðir  
Gluggahurðir  
Harmonikkukurðir

Heildarlausnir  
Hagstæð verð

Mex byggingavörur  
Lyngháls 3  
Árbæjarhverfi  
Sími 567 1300 & 848 3215  
www.imex.is

**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

**Glerfestingar**  
punktafestingar  
glerklæmmur  
glerbrautir

**STIGAR** — **Stigalagerinn**  
**HANDRIÐ** Dalbrekku 26 - Kopavogi  
www.stigalagerinn.is sími 5641890

**GÍTARINN**  
HEIÐFÆRAVERSLUN

Ópö: Mán-Fös. 10-18  
Lau: 11-16

**ÚTSALA**  
10. Janúar - 10. Febrúar

**Allt að 70% Afsláttur**  
Komið og gerið frábær kaup!

Stórhóla 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is



**ATVINNUHÚSNÆÐI TIL LEIGU AÐ KAUPVANGSSTRÆTI 1, AKUREYRI**

Verzlunarhúsnæði á jarðhæð, 118 m<sup>2</sup>, stórir gluggar og mjög áberandi staður við hringveginn. Bílastæði innan lóðar fylgja. Laust 1. febrúar 2006.

Verzlunarhúsnæði á sunnan megin á jarðhæð og bjartur salur á 1. hæð, 150 m<sup>2</sup>. Innréttað sem móttaka, skrifstofur og geymsla. Laust 1. maí 2006. Bílastæði innan lóðar fylgja.

Nánari upplýsingar í síma 893 6667 og 568 0450 á skrifstofutíma.



Katrín Guðmundsdóttir er verkefnisstjóri Artóteksins.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

# Íslensk samtímamyndlist til leigu og sölu

*Í Artótekinu er fólki boðið upp á að leigja listaverk eftir íslenska listamenn. Ef fólki líkar verkið getur það látið leiguna renna upp í kaupverð.*

Á fyrstu hæð Borgarbókasafnsins í Tryggvagötu er Artótekið starfrækt en þar er að finna ýmis konar listaverk. „Í Artótekinu er leigð út og seld íslensk samtímamyndlist til einstaklinga og fyrirtækja,“ segir Katrín Guðmundsdóttir verkefnisstjóri. „Þetta er samstarfsverkefni milli bókasafnsins og Sambands íslenskra myndlistarmanna, SÍM. Þeir listamenn sem eiga hér verk eru allir meðlimir í SÍM sem er fagfélag og vissar kröfur gerðar til að fá inngöngu í það.“

Verkin í Artótekinu eru fjölbreytt. „Mest er af grafík, teikningum og vatnslitamyndum en hér eru líka keramik og skúlptúrar. Listamennirnir ráða alveg hvað þeir koma með hingað, svo framarlega sem við treystum okkur til að geyma það. Sumir eru að vinna slík verk sem henta ekki hér svo sem hljóðverk eða mjög viðkvæm verk.“

Fólk getur komið og leigt verk í minnst einn mánuð. Ef það er ánæggt með myndina getur það



Listaverkin eru af ýmsum toga, meðal annars grafík, keramik og skúlptúr. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

látið leiguna verða að vaxtalausri afborgun upp í verkið. Katrín segir fólk mjög ánæggt með greiðslufyrirkomulagið. Marga langi til að kaupa listaverk en eigi erfitt með að taka svo stóra ákvörðun. Því sé þetta upplagður kostur; geta borgað örlitla upphæð fyrir að prófa verkið á heimilinu sem síðan rennur upp í kostnað ef ákveðið er að kaupa.

Í Grófarhúsinu eru reglulega haldnar sýningar á verkum lista-

manna Artóteksins. „Það stendur einmitt yfir mjög flott sýning núna þar sem Valgerður Hauksdóttir sýnir grafíkverk,“ segir Katrín.

Artótekið er tilraunaverkefni til tveggja ára. „Næsta haust verður skoðað hvernig gengur og hvort við munum halda áfram sem ég vona svo sannarlega að verði,“ segir Katrín að lokum. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.artotek.is.

mariathora@frettabladid.is

## Húsið málað á netinu

*Sýndarmálarar spara tíma og heilabrot við val lita.*

Það er ekki bara gaman að lífga upp á heimilið með því að mála, það er líka nauðsynlegur hluti af viðhaldi hússins. Til margra ára var engin önnur leið til að velja lit á húsið en að rýna í pínulitlar prufur á litaspjaldi og reyna að sjá þar útlínur hússins. Nú er öldin önnur og hver sem er getur sett saman heilu litaskemum á vefnum og prufað sig áfram með liti. Þökk sé sýndarmálurum.

## PETTA GERÐIST > 6. FEBRÚAR 1997

### Gengur með barn látins eiginmanns

Á þessum degi árið 1997 ákvað dómstóll í Bretlandi að ekkjan Diane Blood fengi að láta frjövga egg úr sjálfri sér með sæði úr látnum eiginmanni sínum. Lög frá árinu 1990 bönnuðu að hin 32 ára Diane gæti látið drauminn um barn með eiginmanni sínum rættast, en ekkjan unga sótti mál sitt til dómstóla sem komust að annarri niðurstöðu. Hins vegar yrði hún að láta gera aðgerðina innan Evrópu-sambandsins en ekki í Bretlandi.

Eiginmaður Diane, Stephen Blood, veiktist af heilahimnubólgu árið 1995 en hjónin höfðu reynt



að eignast barn stuttu áður. Hann féll í dá og lést áður en hann gat skrifað undir samþykki fyrir því að sæði úr honum yrði notað til

frjövgunar, en hann hafði samt sem áður látið taka tvö sýni að eigin beiðni.

Frú Blood fékk að flytja sæði manns síns til Brussel en lækna á sjúkrahúsi þar gáfu ekki leyfi fyrir aðgerðinni fyrr en eftir níu mánuði. Diane tilkynnti opinberlega að hún væri með barni í lok júní árið 1998. Hún eignaðist heilbrigðan dreng í desember og nefndi hann Liam. Hinn 17. júlí 2002 eignaðist hún annað barn sitt með eiginmanninum látna. Þá hófst barátta sem hún vann að lokum, þar sem hún sóttist eftir að börnin yrðu löglega viðurkennd sem börn föður síns.

## MERKISATBURÐIR

- 1670 Friðrik III konungur Dana andast.
- 1928 Kona sem kallar sig Anastasiu Tschaikovsky kemur til Bandaríkjanna og segist vera yngsta dóttir Rússakeisara sem var myrtur.
- 1952 Georg VI konungur Englands andast í svefni.
- 1958 Naustið býður þorramat, fyrst íslenskra veitingahúsa, reiddan fram í trogum.
- 1971 Bandaríkjamadurinn Alan Shepard slær golfkúlu á tunglinu fyrstur manna.
- 1998 Vala Flosadóttir setur heimsmet í stangarstökki kvenna innanhúss á móti í Bielefeld í Þýskalandi, stökk 4,42 metra.
- 1999 Steingrímur J. Sigfússon er kosinn formaður Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs.

## STEFÁN KRISTJÁNSSON: SIGRAÐI Á SKÁKÞINGI REYKJAVÍKUR

# Með Kasparov að fyrirmynd

„Það er alltaf gaman að vinna,“ segir Stefán Kristjánsson, tuttugu og þriggja ára gamall alþjóðlegur meistari úr Taflfélagi Reykjavíkur sem bar sigur úr býtum á Skákþingi Reykjavíkur – Skeljungsmótinu nú á dögum. Þetta er í fyrsta sinn sem Stefán verður Skákmeistari Reykjavíkur en hann hefur verið í fremstu röð íslenskra skákmanna undanfarin ár, en hann lærði mannganginn af föður sínum ellefu ára að aldri.

„Ég byrjaði kannski frekar seint miðað við það sem er talið hentugt en fór að ganga vel fljótlega,“ segir Stefán um upphaf skákferilsins. Hann skróaði sig strax í Taflfélag Reykjavíkur og tók að tefla af miklum móð. „Í gagnfræðaskóla held ég að ég hafi tekið þátt í nánast hverju móti,“ segir Stefán og hlær þegar hann er inntur eftir því hvað skólafélögum hafi þótt um það, þar sem skákin þykir kannski ekki alltaf „kúl“. „Ég varð allavega ekki fyrir neinu aðkasti,“ segir hann glaðlega.

Þrátt fyrir góðan árangur segist Stefán ekki eyða nærri nógu miklum tíma í skákina. „Það er helst í kringum mót sem einbeitingin fer alveg í skákina en þess á milli er það lítið,“ segir Stefán sem hefur undanfarið unnið við að kenna skák meðan hann reynir að ákveða sig hvað hann langi til að læra í framtíðinni. „Ég ætlaði að fara í háskóla í haust en meinið er að ég er ekki ákveðinn í hvað ég vil læra og vil ekki fara fyrr en ég hef fundið áhugasviðið,“ segir Stefán sem hefur ekki bara áhuga á skák heldur einnig flestum öðrum íþróttum. „Ég horfi aðallega á en spila aðeins



HUGSUÐUR Stefán lærði mannganginn af föður sínum ellefu ára gamall. Í forgrunni á myndinni er bikarinn góði sem Stefán hlaut í verðlaun fyrir sigur sinn á Skákþingi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fótbolta,“ segir Stefán og finnst nauðsynlegt að fá einhverja hreyfingu enda setan í skákinni talsverð.

Stefán hefur sigrað á nokkuð mörgum mótum í gegnum tíðina en vonar samt að stærsti sigurinn sé

enn framundan. Hann stefnir nú á að ná stórmeistararitli enda segist hann ekki eiga langt í land með það.

Fyrirmynd hans í skákheiminum er Garry Kasparov. „Það er kannski ekki karakterinn sem ég

heillast af en hann er bara langbestur í skák,“ segir Stefán sem sér sjálfan sig fyrir sér sem gamlan mann við taflborðið. „Ætli ég tefli ekki í gröfni,“ segir hann glettinn á svip. ■

## Fyrsta íslenskunámskeið Íslandspósts

Starfsfólk af erlendum uppruna er áberandi á mörgum vinnustöðum. Oft og tíðum getur það valdið erfiðleikum í samskiptum milli starfsmanna sem tala hver sitt tungumálið. Íslands-

póstur hefur brugðist við þessari stöðu með því að bjóða erlendum starfsmönnum sínum upp á námskeið í íslensku.

Hjá Íslandspósti starfa nú um 35 manns sem eru af

erlendum uppruna, flestir sem bréfbærar. Árni Arnason, forstöðumaður kynningarmála, segir erlendum starfsmönnum hafa fjölgað nokkuð að undanförunu eða um tíu manns frá haustinu.

Hann telur að töluverð þörf hafi verið á slíku námskeiði auk þess sem það hafi mælt mjög vel fyrir. Þátttakendur í námskeiðinu eru tæplega tuttugu og starfa hjá Íslandspósti á höfuðborgarsvæðinu. Starfsfólkkið er meðal annars frá Svíþjóð, Frakklandi, Ítalíu, Þýskalandi og Portúgal.

Námskeiðin eru fyrst og fremst hugsuð til að auktela samskipti og megináherslan lögð á daglegan orðaforða og orðaforða sem



Á NÁMSKEIÐI Íslenskunámskeiðið hjá Íslandspósti mæltist vel fyrir hjá starfsmönnum.

tengist starfinu á einhvern hátt.

Árni telur að klárlega geti orðið framhald á slíku námskeiðum innan fyrirtækisins. ■



Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kolbeinn Grímsson**

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 7. febrúar kl 13.

Guðni Kolbeinsson	Lilja Bergsteinsdóttir
Grímur Kolbeinsson	Anna Ragnheiður Haraldsdóttir
Hörður Kolbeinsson	Petrína Einarisdóttir
Leifur Kolbeinsson	Jónína Kristjánsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Fróðleikur af gardur.is



“Drottning leiksviðsins á Íslandi”:

### Stefanía Guðmundsdóttir

Stefanía Anna Guðmundsdóttir var fædd í Reykjavík 29. júní 1876, dóttir Guðmundar Jónssonar trésmíðs og k.h. Önnu Stefánsd. frá Viðvík. Missti móður sína ung, og faðir hennar fluttist til Vesturheims. Ólst svo upp með frænku sinni á Seyðisfirði, í Rvík frá 1889. Lauk þar barna- og Kvennaskólanámi. 1883

lék hún sitt fyrsta hlutverk. Vann skjótt hugi og hjörtu Reykvikinga. Kynnti sér leiklist í Khöfn 1904–5 og 1914. Meðal aðalstofnenda Leikfél. Rvíkur 1897, lék þar fjölda vandasamra hlutverka, mörg af fágætri sníld. Þorsteinn Erlingsson kvað leiklistina á Íslandi “landnám Stefáníu.” 25 ára leikafmælis hennar var hátíðlega minnt. Dvalist árlangt í N-Ameríku í boði V-Íslendinga 1920–21, lék þá í 7 leikritum í fjölda leiksvínunga víða. Lék í kvikmyndinni Sögu Borgarættarinnar 1919. Rak dansskóla. Veitti tilsiðgn í framsögn og sviðsframkomu. Form. LR einn vetur. Varð sjálf kveikjan að stofnun Leikfél. Akureyrar. Á hátindi ferils síns veiktist hún og lézt á 50. aldursári á sjúkrahúsi í Khöfn 16. jan. 1926. Fór útförin fram með viðhöfn í Dómkirkjunni. Tveir sjóðir voru stofnaðir til minningar um hana. Ævisaga hennar, Leyndarmál frá Stefáníu e. Jón Viðar Jónsson, kom út 1997. – M.h. (1896): Borgþór Jósefsson, bæjargjaldkeri í Rvík. Áttu sjö börn (ættarnafn: Borg), og fengust mörg við leiklist; frægust varð Anna Borg-Reumert í Khöfn.

Meira um hana á [gardur.is](http://gardur.is)

Hengt er að setja inn auðvæg líttina Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á [gardur.is](http://gardur.is)

[gardur.is](http://gardur.is)



# Til hamingju!

með nýju heimasíðuna

Þessi fyrirtæki hafa áttað sig á mætti netsins og eru að ná árangri

## Bílasprautun og réttingar Auðuns



Bílasprautun og réttingar Auðuns sérhæfir sig í tjónviðgerðum á öllum tegundum bíla og er vottað af Bílgreinasambandinu og tryggingafélögum. Nú getur þú pantað tíma á heimasíðunni okkar.

[www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)

## Flórída fasteignir



Glæsilegar eignir í öllum stærðum og gerðum til sölu eða leigu í völdum hverfum á Flórída. Áreiðanleg og persónuleg þjónusta sem byggir á áratuga reynslu, þar af 19 ár í sölu eigna á Flórída.

[www.floridafasteignir.is](http://www.floridafasteignir.is)

## Kennsla.is



Klæðskerasniðir fyrirlestrar og námskeið þar sem fjallað er um óþekkt eiginleika þína, undraverða fjölbærni og annað sem aldrei barst í tal. Nýstárleg efnistöð og fersk sýn á gamalkunn viðfangsefni.

[www.kennsla.is](http://www.kennsla.is)

## Vín & skel veitingastaður



Hríseyjarkræklingur, ostrur, kúfiskel frá Langanesi, öðuskel og ígulker úr Eyjafirði. Kynntu þér matseðil okkar og hádegisboðið á glænýrri heimasíðu okkar.

[www.vinogskel.is](http://www.vinogskel.is)

Ef þú getur svarað einni af þessum spurningum játandi ...

- Vex þér í augum að koma upp heimasíðu?
  - Skilar heimasíðan litlum árangri?
  - Hefur þú of lítinn tíma í viðhald á heimasíðunni?
  - Ætlaði fjölskylduvinur að vera búinn að klára málið?
- ... leitaðu þá til okkar, við leysum málið!

**NÝTT!**  
Nú sjáum við um reglulegt viðhald á þinni heimasíðu

**@netvistun**  
Vefir sem virka



**Viltu gera meira en að ferðast?**

**Erum með laus pláss m.a. í Costa Rica, Mexico, Kólumbíu, Ghana, Uganda og Nepal.**

Nánari upplýsingar má finna á [www.aus.is](http://www.aus.is). Áhugasamir hafi samband við skrifstofu [aus@aus.is](mailto:aus@aus.is) eða 561-4674.

Aðalfundur Alþjóðlegra ungmennaskipta verður haldinn 20. febrúar 2006, klukkan 19:00 í húsaýskynnum samtakanna að Hafnarstræti 15, 101 Reykjavík.

**STUÐ MILLI STRÍÐA Til hvers?**

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER ÓSÁTTUR VIÐ BAUNANA**



Dagur var að kveldi kominn. Riddararnir sáu borgina og eldana sem loguðu. Þeir höfðu það á tilfinningunni að „villimennirnir“ vissu af komu þeirra.

Samt var eins og þögnin afsannaði það. Borgin helga myndi brátt falla í hendur þeirra og riddararnir uppskæru ríkulega.

Afganginn þekkja væntanlega flestir. Krossferðir Vesturlandabúa áttu að færa páfanum í Róm það allra heilagasta, sjálfa Jerúsalem. Á þeim tíma voru þeir reiðubúnir að deyja fyrir trú sína. Þeir töldu að þetta væri þeirra æðsta takmark, ekkert væri því æðra en að láta lífið fyrir Jesú og hjörð hans.

Í dag eru ungir menn, flestir frá risanum í vestri, sendir á þessar slóðir. Tilgangurinn er ef til vill sá sami; að færa æðsta manni trúarinnar það allra heilagasta. Í stað einnar borgar eru nú komin heilu landsvæðin með svarta gullinu í jörðu. Vesturlönd hafa öldum saman

níðst á Mið-Austurlöndum og skopmyndir Jótlandspóstsins voru enn eitt dæmið um algjört skeytingarleysi og skort á skilningi gagnvart þeim sem „við“ höfum kúgað. „Þetta er okkar frelsi,“ hrópa einhverjir en hið vandmeðfarna hugtak er ekki það sama og átroðningur. Það hefur enginn rétt til að níðast á annarra manna trúarbrögðum þótt hann sé sjálfur trúlaus.

Birting myndanna í danska dagblaðinu var kannski nauðsynleg. Ef til vill þurfti þetta mikla „frelsi“ að rekast á einhvern vegg og átta sig á umhverfi sínu sem reyndist ekki alveg jafn ótakmarkað.

# MADAGASCAR

## SMS LEIKUR

SENDU SMS SKEYTID BTG MGF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ. 9. HVER VINNURI!

LENDIR Á DVD 6. FEBRÚARI!

FRÁ FRAMLEIÐENDUM VHREK OG SHARK TALE

**VINNINGAR ERU:**

- MADAGASCAR Á DVD
- COCA COLA
- GLÆSILEGUR VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI
- ENN MEIRA AF DVD OG SKEMMTILEGU DÓTI

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVI AD TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 149 KR/SKEYTID.

**myndasögur**

**Pondus**

Eftir Frode Overli

Leigan á kjallaranum er 35000 á mánuði! Engin gæludýr, engin hávær tónlist og engin fíkniefni. Ég er sannkristinn og drekk varla gos!

Svo leigan er þá án frekari skilyrða! Ekki satt?

Sá sem bjó hérna áður fékk að fara. Hann var alveg vonlaus.

Hann var stöðugt að reyna við þóru mína! Það verður ekki liðið!

Engin hættu á því! HAAAAHA

Ég meina...

Ég tek hana!

ÍBÚÐINA

Treysti bara á trúna.

**Geljan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Mér þykir leitt að stefnumótið þitt skyldi enda svona.

Já mér þykir það líka!

En mér þykir líka leitt að ég bauð þér ekki á undan!

Ég hélt bara að þú vildir ekki fara með mér!

Nei, ég vildi fara með þér. Ég vissi bara ekki hvernig ég ætti að..

Þú veist..

Að klæða þig?

Ólíkt því sem ætla mætti þá var það ekki málið!

**Pú og pa**

Eftir SÖB

Hver hefur verið að narta í krossinn??

**Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell

BONK

BONK

BONK

Ég er að þjálfa fyrir maraþonið!

**Barnalán**

Eftir Kirkman/Scott

Fyrirgefðu mamma!

Fyrirgefðu pabbi!

Ég verð alltaf smek þegar hún segir þetta!

Nú fáið þið að sjá nýja köttinn okkar!

**AUGLÝSINGASÍMI**

**550 5000**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautir er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

5	6	7	4	1	3	8	2	9
2	8	4	9	5	7	1	3	6
9	3	1	6	8	2	5	7	4
6	1	2	8	3	4	7	9	5
3	4	9	5	7	6	2	8	1
8	7	5	1	2	9	4	6	3
4	9	8	7	6	1	3	5	2
7	2	6	3	4	5	9	1	8
1	5	3	2	9	8	6	4	7

3	6			2	9			
	4				1			
		2	9	6				
	7	5	6	9	3			
		4		3				
	3	2	8	1		5		
		7		3	5			
	1				9			
4	8			3	6			

**ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ**

ENSKI BIKARINN  
LIVERPOOL  
MAN. UTD.

# STAERSTU LEIKIRNIR ERU Á SÝN Í FEBRÚAR

ÚRSLITALEIKURINN Í DEILDABIKARNUM  
Man. Utd. - Wigan

16 LIÐA ÚRSLIT Í ENSKA BIKARNUM  
Liverpool - Man. Utd.

MEISTARADEILD EVRÓPU  
Chelsea - Barcelona  
Real Madrid - Arsenal  
Bayern München - AC Milan  
Benfica - Liverpool  
Villarreal - Rangers  
Werder Bremen - Juventus


ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ  
Ísland - Trinidad Tobago

NBA  
Stjörnuleikurinn

LANDSLEIKIR  
England - Úrúgvæ

ÍTALSKI BOLTINN  
Inter - Juventus

**SYN**  
besta sætið



# Caput-liðar komnir suður



**Kl. 12.30**  
**Guðbjörg Hildur Pétursdóttir**  
fjölmiðlafræðingur flytur fyrirlestur um ofbeldi og kynlíf í sjónvarpi í byggingu Listaháskólans í Laugarnesi, stofu 024.

Tónlistarhópurinn Caput er kominn á höfuðborgarsvæðið aftur eftir að hafa skroppið til Akureyrar um helgina þar sem opunartónleikar Myrkra músikdaga voru haldnir á laugardaginn.

Þar fluttu þau Pétur Jónsson, Rúnar Óskarsson, Daniel Þorsteinsson, Sigurður Halldórsson, Kolbeinn Bjarnason og Jónína Auður Hilmarsdóttir tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson, Snorra Sigfús Birgisson, Tryggva Baldvínsson, Hafliða Hallgrímsson, Þorkel Sigurbjörnsson og Huga Guðmundsson.

Myndlistarverk eftir Halldór Ásgeirsson setti mikinn svip á tónleikana og sá til þess að sibreytilegur litaheimur lék um salinn og kallaðst á við tónlistina. Í kvöld verða tónleikarnir endurteknir í Salnum í Kópavogi og hefjast þeir klukkan 20.

Hálf tíma síðar, eða klukkan 20.30, hefjast reyndar aðrir tónleikar á dagskrá Myrkra músikdaga. Þeir tónleikar verða haldnir fyrir norðan, í tónlistarhúsinu Laugarborg við Eyjafjörð þar sem tónleikar Caput voru haldnir á laugardaginn var.



Þar eru á ferðinni þeir Ingólfur Vilhjálmsson klarinettuleikari og Tobias Guttman, sem leikur á marimbu og slagverk. Þeir frumflytja meðal annars verk eftir Áskel Másson, Kolbeinn Einarsson og Atla Ingólfsson. Þessa sömu efnisrátt fluttu þeir á tónleikum í Ymi við Skógarhlíð í gærkvöldi.

## > Ekki missa af ...

... sýningunni **Ný íslensk myndlist II**, sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands. Þar leika nokkrir helstu myndlistarmenn yngri kynslóðarinnar sé að rými safnbyggingarinnar, hver á sinn hátt. Sýningunni lýkur um næstu helgi.

... sýningu tólf íslenskra akrýlmálara í Hafnarborg í Hafnarfirði, sem var opnuð núna um helgina.

... sýningu Vesturports á **Woyzeck** í Borgarleikhúsinu, í leikstjórn **Gísla Arnar Garðarssonar** og með tónlist eftir **Nick Cave**.

# menning

menning@frettabladid.is

Stóra svið		Nýja svið / Litla svið	
<b>SALKA VALKA</b>		<b>MANNTAFL</b>	
Fi 16/2 kl. 20 <b>SÍÐASTA SÝNING!</b>		Mi 22/2 kl. 20 <b>AUKASÝNING</b>	
<b>WOYZECK</b>		<b>ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR</b>	
<b>AUKASÝNINGAR</b>		Fi 16/2 kl. 20 <b>UPPS.</b> Fö 17/2 kl. 20 <b>UPPS.</b>	
Lau 11/2 kl. 20	Su 12/2 kl. 20	Lau 25/2 kl. 20 <b>UPPS.</b>	Su 26/2 kl. 20
Fö 17/2 kl. 20	Lau 18/2 kl. 20	<b>BELGÍSKA KONGÓ</b>	
<b>KALLI Á ÞAKINU</b>		Fi 9/2 kl. 20 <b>UPPS.</b> Fö 10/2 kl. 20 <b>UPPS.</b>	
<b>SÝNINGAR UM HELGINA, UPPSELT. SÍÐUSTU AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA!</b>		Lau 11/2 kl. 20 <b>UPPS.</b>	Lau 18/2 kl. 20
<b>CARMEN</b>		Su 19/2 kl. 20	Fi 23/2 kl. 20
Fö 10/2 kl. 20S	Su 19/2 kl. 20	Fö 24/2 kl. 20	Fö 10/3 kl. 20
Lau 25/2 kl. 20 <b>UPPS.</b>	Fö 3/3 kl. 20	<b>GLÆPUR GEGN DISKÓINU</b>	
Lau 11/3 kl. 20	Su 12/3 kl. 20	Su 12/2 kl. 20	Mi 1/3 kl. 20
<b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b>		<b>NAGLINN</b>	
Lau 11/2 kl. 14 <b>FORSÝNING UPPSELT</b>	Su 12/2 kl. 14 <b>FRUMSÝNING UPPSELT</b>	Lau 11/2 kl. 20 <b>UPPS.</b>	Su 12/2 kl. 20
Lau 18/2 kl. 14	Su 19/2 kl. 14	Su 19/2 kl. 20 <b>UPPS.</b>	Lau 25/2 kl. 20
Su 26/2 kl. 14	Lau 4/3 kl. 14	<b>HUNGUR</b>	
FORSÝNINGAR, MIÐAV. 1.200- Kr.		Pr 14/2 kl. 20	
Mi 15/2 kl. 20		Fi 16/2 kl. 20	
Fö 17/2 kl. 20		Fö 17/2 kl. 20	
Lau 18/2 <b>FRUMSÝNING UPPSELT</b>		Lau 18/2 <b>FRUMSÝNING UPPSELT</b>	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**Keramik fyrir alla**

## Barnaafmæli Bekkjaferðir

**Frábær skemmtun fyrir allan hópinn. Tilboðspakkar Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.**

Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b. Sjá lýsingu: [www.keramik.is](http://www.keramik.is)

**Le Sing**

**Syngjandi þjónar**  
Ein vinsælasta leiksýning landsins. Alla laugardaga.

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

**BROADWAY**  
Sími: 533-1100

**HIMNARÍKI**  
Gæðislaus gamanleikur eftir Ána Ben

10. feb.  
11. feb.

**MIND CAMP**  
eftir Jón Ádla Jónsson

5. feb.

Námsmenn og Vörðuleggar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans

**EF**  
eftir Velgeir Skagjörð/  
Einar M. Guðmundsson

Vestmannaeyjar:  
21. feb kl. 9 uppselt  
kl. 11 uppselt  
kl. 13 uppselt

**HAFNARFIJARÐAR LEIKHÚSIÐ**

Miðapantanir í síma 555 2222 og á mið.is

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

# Marsbúar koma


Innrásin frá Mars verður flutt í Háskólabíói 23. febrúar með Sinfóníuhljómsveit Íslands, rokkhljómsveit og nokkrum úrvals söngvörum.

Árið 1978 sendi tónlistarmaðurinn Jeff Wayne frá sér söngleikinn War of the Worlds á hljómplötu sem naut gríðarlegra vinsælda. Platan hefur selst í meira en þrettán milljónum eintaka og nú stendur til að flytja þennan söngleik á sviði í Háskólabíói

„Ég var bara kornungur maður þegar platan kom út og heillaðist strax af þessari músík. Hún hefur síðan fylgt mér öll þessi ár,“ segir Sigurður Sigurjónsson leikari, sem hefur haft forystu um að fá þetta verk flutt á sviði.

Hann ætlar sjálfur að leikstýra sviðsetningunni, en þýðing er í höndum Gísla Rúnars Jónssonar. Þau Jónsi, Friðrik Ómar og Margrét Eir Vilhjálmisdóttir munu syngja en hlutverk sögumanns er í höndum Jóhanns Sigurðarsonar. „Hann verður Richard Burton Íslands og fer létt með það með sína fallegu rödd.“

Auk Sinfóníunnar skipa nokkr-



**VÍNLYPLATAN** Naut gríðarlegra vinsælda þegar hún kom út árið 1978.

ir helstu tónlistarmenn úr rokkgeiranum kraftmikla hljómsveit sem tekur þátt í flutningnum.

Flutningurinn hefur verið skipulagður í nánu sambandi við höfundinn, Jeff Wayne, sem hefur útvegað nótur og verið flytjendum innan handar á ýmsan hátt.

„Hann er skilst mér þessar vikurnar að undirbúa einhverja álfka sýningu, sem er auðvitað mjög skrytið. Mér vitanlega hefur hann ekki gert það áður,“ segir Siggi Sigurjóns, sem lofar því að sýningin í Háskólabíói verði mikil veisla jafnt fyrir auga sem eyra.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

3 4 5 6 7 8 9

**Mánudagur**

### TÓNLEIKAR

20.00 **Caput** flytur verk eftir **Atla Heimi Sveinsson, Snorra S. Birgisson, Tryggva Baldvínsson, Hafliða Hallgrímsson, Þorkel Sigurbjörnsson** og **Huga Guðmundsson** á tónleikum Myrkra músikdaga í Salnum í Kópavogi.

20.30 **Ingólfur Vilhjálmsson** og **Tobias Guttman** leika verk

fyrir bassaklarinettu á tónleikum Myrkra músikdaga í tónlistarhúsinu Laugarborg við Eyjafjörð.

### FYRIRLESTRAR

12.30 **Guðbjörg Hildur Pétursdóttir** fjölmiðlafræðingur heldur fyrirlestur um ofbeldi og kynlíf í sjónvarpi í LHÍ í Laugarnesi, stofu 024.

17.00 **Árni Guðmundsson**, æskulýðs- og tólmstundafulltrúi, flytur fyrirlestur um félagsmiðstöðvar í sögulegu ljósi í Byggingasafni Hafnarfjarðar, Vesturgötu 8, Hafnarfirði.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**ÖSKUBUSKA**

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**

2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - **Nokkur sæti laus**

3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - 5. sýn. sun. 26. feb. kl. 20

**KYNNING FYRIR SÝNINGU** (fyrir utan frumsýningu)

Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vínafélags Íslensku Óperunnar. Kynningin hefst kl. 19.15 og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

**Nína og Geiri**  
söngbók  
**Björgvins Halldórssonar**  
Leikstjórn: Gunnar Helgason

18. feb. Nokkur börð laus  
25. feb. Nokkur börð laus  
4. mars. Laus börð  
17. mars. Aukasýning  
25. mars. Laus börð

**Aðeins þessar sýningar**

Gjafakort á Nínu og Geiri fast í miðasölu

**BROADWAY**  
Sími: 5331100 Netfang: [midasala@broadway.is](mailto:midasala@broadway.is)  
Ógreiddir miðar sendir hálfum mánuði fyrir viðburði.

**LEIKHÚSÍÐ**

## Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**TÚSKILDINGSÓPERAN**

Fös. 10/2 örfá sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2 nokkur sæti laus, lau. 25/2 örfá sæti laus.  
**Síðustu sýningar. Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**

Sun. 12/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI**

Pri. 7/2 **uppselt**, mið. 8/2 **uppselt**, fim. 9/2 **uppselt**, fös. 10/2 **uppselt**, aukasýning lau. 11/2 kl. 17:00 örfá sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt**.  
**Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.** Pri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 **uppselt**, fös. 17/2 **uppselt**, aukasýning lau. 18/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, aukasýning lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00, sun. 5/3, mið. 8/3, lau. 11/3 kl. 17:00, sun. 12/3.

**SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU**

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**

Sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**. **Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlesturum.** Sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**.  
**Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is**

**KASSINN**

**PÉTUR GAUTUR**

Frummsýning fim. 23/4 **uppselt**, fös. 24/4 örfá sæti laus, sun. 26/4 örfá sæti laus, fim. 3/3, fös. 4/3, lau. 5/3. **Miðasala hefst 11. febrúar.**

**LEIKHÚSKJALLARINN**

**Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**

Leikhúsvæsla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smárettir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-PRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# FRÁBÆR TILBOÐ

## SÚPERTURN

### 64 BITA 3400+

Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bitu tækni, Hyper Transport og 1600FSB



### GEFORCE 7300GS

Nýjasta kynslóð skjá korta með 256MB DDR2 810MHz minni, CineFX 4.0 tækni og TV-út tengi



### HLJÓDLÁT VINNSLA

Góður og hljóðlátur Dragon turnkassi með ofur hljóðlátum Fortron aflgjafa, hurð og USB2 tengi að framan



**Örgjörvi** 3400+ Athlon64 - 1MB 1600FSB og Hyper Transport  
**Minni** 1GB DUAL DDR400 Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð  
**Harðdiskur** 250GB WD SE 8MB - SATA II SATA2 300, 7200RPM og 8MB buffer  
**Skjá kort** 256MB GeForce7 NX7300GS MSI PCI-E 16X, 810MHz DDR2  
**Hljóðkort** Dolby Digital 5.1 - EAX2 6 rása Dolby Digital hljóðkerfi  
**Annað** 8xUSB2 tengi, 10/100 netkort 4x SATA2 Raid, 4x ATA133, ofl.

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsníðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsgöðu gamla skjáinn, lykilorðið og músina.



**VL12**  
 Samtals kr. 72.347  
**5.825**

# VERÐ 69.900

**GEFORCE6 NX6600**



Viftulaust MSI Geforce6 NX6600 með hraðvirkt 256MB 500MHz DDR vinnsluminni, kemur með TV-út, með stuðning við HDTV og er PCI-Express x16. Fyrsta alvöru viftulausa PCI-Express skjá kortið.

**VERÐ 12.900**

**WD HARDIR DISKAR**



**WD Western Digital**

### SPECIAL EDITION

Special Edition harðdiskar frá Western Digital sem eru 7200RPM og með 8MB buffer



### FLUID BEARING

Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingabetri harðdiskum



### WESTERN DIGITAL

Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður



**250GB 7.990** | **320GB 12.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, myndbreytingar og innsláttarvillur

**DRAGON TURNKASSI**



Vandaður og rúmgóður Chieftec Dragon Middle turnkassi, svartur með hurð að framan, 410W aflgjafi

**VERÐ 11.900**

**NEC 16X DVD DRIF**



Hágæða hvítur NEC 3550A 16X DVD +/- Dual Layer DVD skrifari. Nero skrifara hugbúnaður fylgir með

**VERÐ 4.990**

**AUDIGY 2 - 7.1 EAX4**



Sound Blaster Audigy 2, 7.1 hljóðkort 24bita Dolby Digital EAX hljómur, EAX4.0 leikjastaðall og digital tengi

**VERÐ 6.990**

**SÚPERTILBOÐ 4**



- 3000+ AMD Athlon64, 1600FSB+HT
- MSI K8NGM-V - nForce410 kubbasett
- 512MB DDR400 hágæða Corsair minni
- 128MB GeForce6 6100 PCI-E 16X
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi EAX2

**VERÐ 27.900**

**Antec** burðaröl fyrir flestalla  
**VERÐ 990**

**Corsair** 512MB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð  
**VERÐ 4.990**

**Corsair** 1GB Corsair 400MHz minni með lífstíðarábyrgð  
**VERÐ 9.990**

**Sennheiser** RS110 þráðlaus heyrnartól  
**VERÐ 4.990**

**Altec Lansing** AH502i, stór heyrnartól með MIC  
**VERÐ 5.990**

**MANNATTAN** PC Clean háþrýstiloft í brúsa, til rykhreinsunar  
**VERÐ 990**

Viðgerðasett með flest öllu sem þarf til tölvuviðgerða  
**VERÐ 1.690**

256MB Corsair USB2 lykll með 10 ára ábyrgð  
**VERÐ 3.990**

Vaxtalaust tilboðer miðað við 12 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3.5% stimpil og lániðkugjald bætt við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 72.347 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

**TÖLVULISTINN**  
 SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**  
 Nóatúni 17  
 Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
 Glerárgötu 36  
 Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
 Hafnargötu 90  
 Sími 534 7400

**Nýtt í bíó**

**5** tilnefningar til Óskarsverðlauna M.A. BESTI LEIKARI OG BESTA LEIKKONA ÁRSINS

„Enginn zetti að láta Walk the Line framfrá sér fara því myndin er auðgandi fyrir augu, eyrun og hjarta.“ - VJV topp5.is

**STÖRKOSTLEG** VERÐLAUNAMYND UM ÆVI JOHNNY CASH EIN BESTA MYND ÁRSINS MAGNADUR LEIKUR HJÁ JOAQUIN PHOENIX OG REESE WITHERSPOON

**3** GOLDEN GLOBE SEM BESTA MYND ÁRSINS, BESTI LEIKARI OG LEIKKONA ÁRSINS

JOAQUIN PHOENIX REESE WITHERSPOON

**walk the line**

**Jim Carrey**

„Mannbælandi gullmoli“ - S.V. MBL

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG

**Fun Dick & Jane**

EPÍSKT MEISTARAVERK FRÁ ANG LEE

**8** Tilnefningar til Óskarsverðlauna FYRIR M.A. BESTA MYND, BESTU LEIKARAR, BESTA HANDBRIT OG BESTI LUKTJÓRI

**BROKEBACK MOUNTAIN**

Sprunghægilegt framhald. Steve Martin fer enn og aftur á kosnum

„Cheaper by the Dozen 2 er falleg og skemmtileg fjölskyldumynd. Sem heppnast hreint ágætlega“ - M.M.J. kvikmyndir.com

**6** Tilnefningar til Óskarsverðlauna

Mögnuð hrollvekja sem fær hárin til að rísa! Þegar þokan skellur á... er enginn óhultur!

**THE FOG**

SJÚKUSTU FANTASÍUR ÞÍNAR VERÐA AÐ VERULEIKA! Stranglega bönnuð innan 16 ára

**HOSTEL**

**6** ÓSKARS TILNEFNINGAR

**MEMOIRS OF A GEISHA**

**JARHEAD**

**CHEAPER BY THE DOZEN 2**

**VELJID HÉR AÐ NEDAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR**

<b>SMÁRA BÍÓ</b> SÍMI 564 0000	<b>REGNBÖGINN</b> SÍMI 551 9000	<b>LAUGARAS BÍÓ</b> SÍMI 462 3500
WALK THE LINE kl. 5, 8 og 11 B.I. 12 ÁRA	WALK THE LINE kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA	WALK THE LINE kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
SYND Í LÚXUS kl. 5, 8 og 11 B.I. 12 ÁRA	BROKEBACK MOUNTAIN kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA	FUN WITH DICK AND JANE kl. 8 og 10
FUN WITH DICK AND JANE kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10	MEMOIRS OF GEISHA kl. 6 og 9	MEMOIRS OF GEISHA kl. 5.20
BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA	LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA	
THE FOG kl. 8 B.I. 16 ÁRA		
CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 4 og 6		
HOSTEL kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA		

**400 kr. í bíó!** Gildir á allar sýningar í Regnbogann marktar með stuði

Dolby DTS SDDS ITHX BÍÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075 LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

**Jim Carrey**

**Fun Dick & Jane**

SYND KL. 6, 8 OG 10

**MEMOIRS OF A GEISHA**

SYND KL. 5 OG 8

**JARHEAD**

SYND KL. 8 OG 10:15 B.I. 10

**CHEAPER BY THE DOZEN 2**

SYND KL. 6

www.laugarasbio.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**B**reski gamanleikarinn Ricky Gervais hafnaði boði um að leika lítið hlutverk í myndinni The Da Vinci Code og sannfærði leikstjórnann Ron Howard um að hann myndi einungis eyðileggja myndina. Howard bauð Gervais að leika bryttan í myndinni. „Ég sagði honum að ég myndi eyðileggja myndina. Ég veit ekki hversu oft það hefur eyðilagð fyrir mér myndir að sjá fræga brekka leikara poppa upp í litlum hlutverkum. Ég vil ekki vera þannig,“ sagði Gervais.

**S**imon Cowell segist aldrei muna eignast börn og segir sjónvarpsþættina sína vera börnin sín. „Það eru sumir hlutir í lífinu sem maður verður að fórnna. Það er ekki hægt að hafa allt. Það er ekki hægt að vinna til þrjú eða fjögur um morguninn og eiga barn. Vinnan mín er barnið mitt. Ég eyði jafnmiklum tíma í að stjarna við hana og ég myndi gera við barn,“ sagði Cowell.



TANGÓSVEIT LYÐVELDISINS Heldur tangókvöld í Iðno á þriðjudaginn.

## Tangókvöld í Iðno

Hin mánaðarlegu tangókvöld Tangósveitar lýðveldisins eru orðin fastur liður í menningarlífi miðborgarinnar. Að þessu sinni verður tangókvöld mánaðarins haldið þann 7. febrúar í Iðno. „Við erum búnir að standa fyrir þessu í yfir tvö ár,“ segir Hjörleifur Valsson, meðlimur í Tangósveitinni. „Við fáum til okkar leiðbeinendur og kvöldið hefst klukkan 20.00 á því að þeir hjálpa fólki við að læra dansinn og við spilum svo frá 21 til 23,“ segir

hann og bætir við að tangókvöldin hafi verið mjög vel sótt. „Það er alltaf þéttur salur og fullt af fólki kemur þótt það kunni ekkert að dansa tangó, þarna fær það tækifæri til að læra.

Með þessum kvöldum erum við að reyna að skapa hefð á virkum dögum í miðborginni, það eru allir velkomnir hvort sem þeir ætla að dansa eða einfaldlega sitja og njóta tónlistarinnar,“ segir hann.

Miðaverð er 1500 krónur. ■

## Vilja fá minni kartöfluflogupoka

Yfirvöld í sænska bænum Nynäshamn hafa farið þess á leit við stórverslanir að þær hætti að selja kartöfluflogur í hálfskílóa-pokum. Ástæðan er sú að þau telja að pokarnir stuðli að ofneyslu á snakkinu.

„Samfélagið verður að bregðast við þegar það er verið að niðast á neytendum,“ segir Ilija Batljan, sem situr í bæjarstjórn Nynäshamn. Batljan bendir á að þegar stórmót í íþróttum fari fram stækki kartöfluflogupokarnir til muna og það geti haft slæm áhrif á neytendur. „Það er engin tilviljun að pokarnir stækka alltaf í kringum Evrópumót eða heimsmeistararnót í knattspyrnu. Framleiðendur og verslanirnar eru að reyna blekkja neytendur. „Of mikil neysla á kartöfluflogum getur haft skaðleg áhrif á fólk, sérstaklega þegar það eiga erfitt með að stoppa sig“ segir Batljan, sem hefur rætt við eigendur þriggja stærstu matvöruverslana Svíþjóðar.

„Ég er ekki á móti kartöfluflogum en þeir sem vilja fá 500 gramma poka geta bara keypt í staðinn 200 og 300 gramma poka,“ segir Batljan í samtali við Aftonbladet.

Batljan telur að minni poka muni hjálpa Svíum að léttast. „Ég



SVIAR VILJA MINNI POKA Þeir telja að of stórir poka af kartöfluflogum valdi ofritu.

er alveg handviss um að fólk myndi léttast ef pokarnir væru minni. Kaupi maður tvo poka er hægt að velja um það hvort maður opnar þann seinni eða ekki.“ ■

**Ífstá Spaugi**

Læv í Súlnasal Hótel Sögu!

**Kvöldverður! Sýning! Dans!**

Aðeins ein sýningarhelgi í febrúar, 10 og 11 feb.

Hljómsveitin Saga Class leikur í sýningunni og á dansleik að sýningu lokinni.

Boðið er upp á glæsilegan þriggjarétta kvöldverð.

Laxakonfekt.  
Kryddjurtalegið lambafille með sætkartöfluturni og rauðvinsgljúa.  
Súkkulaðistigi.

Tilvalin skemmtun fyrir smærri fyrirtæki og hópa.

**Radisson SÍS**

V/ Hagatorg, 107 Reykjavík. Borðapantanir í síma 525-9840

**HÁDEGISBÍÓ** 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÖNUM KRINGLUNNI

STARSTA KVÍMYNDAHÚS LANDSINS • HAGAÞORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS-VERÐLAUNA 2006

**5**

MUNICH

DERAILED

CLIVE OWEN  
JENNIFER ANISTON  
VINCENT CASSEL

TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS-VERÐLAUNA 2006

**5**

MUNICH

4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARS-VERÐLAUNA 2006

KEIRA KNIGHTLEY  
**PRIDE & PREJUDICE**  
HROKI & HLEYPIDOMAR

ROMAN POLANSKI

**OLIVER TWIST**

VINSÆLASTA MYND FRANSKRAN NÁTÍÐAR SÝND ÁFRAM VEONA ÞJÓLDA ÁSKORANA

DANIEL AUTEUIL JULIETTE BINOCHE

**CACHÉ**  
(HIDDEN)

BESTA MYND EVRÓPU 2006

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
DERAILED KL. 5:45-8-10:20 B.I. 16	DERAILED KL. 8-10:10 B.I. 16	DERAILED KL. 6-8:15-10:30 B.I. 16
DERAILED VIP KL. 5:45-8-10:20	FUN WITH DICK & JANE KL. 8-10	MUNICH KL. 6-8:15-10 B.I. 16
MUNICH KL. 6-9:15 B.I. 16		OLIVER TWIST KL. 5:30 B.I. 12
PRIDE & PREJUDICE KL. 8-10:40		
OLIVER TWIST KL. 5 B.I. 12	<b>AKUREYRI</b>	
RUMOR HAS IT KL. 8	DERAILED KL. 8-10:10 B.I. 16	
CRONICLES OF NARNIA KL. 5	OLIVER TWIST KL. 5:40 B.I. 12	
KING KONG KL. 8 B.I. 12	MUNICH KL. 8 B.I. 16	
DOMINO KL. 10:20 B.I. 16	MARCH OF THE PENGUINS KL. 6	
LITLI KJÚLLINN isl. tal KL. 4		

**HÁSKÓLABÍÓ**

MUNICH KL. 5:50-9 B.I. 16

CACHÉ - FALINN KL. 5:30-8-10:30 B.I. 16

PRIDE & PREJUD. KL. 5:30-8-10:30

KING KONG KL. 6 B.I. 12

RUMOR HAS IT KL. 10

HARRY POTTER OG ELDB. KL. 6-9 B.I. 10

ÁLFABAKKI | 367 8900 | KRINGLAN | 388 0800 | AKUREYRI | 661 6666 | KEFLAVÍK | 421 1770

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**P**opparinn Michael Jackson er að íhuga að taka upp lag með strákabandinu Westlife. Strákarnir eru að sjálfsgöðu æstir í að vinna með poppkónginum. „Hugmyndin um að taka upp lag með Michael Jackson kom frá Louis Walsh,“ sagði Shane Filan í Westlife. „Það væri ótrúlega svalt að gera þetta því við erum allir miklir aðdáendur Jacksons.“ Hljómsveitin er einnig með samstarfsverkefni við Lionel Richie og Julio Iglesias í bígerð. „Ef við fáum einhvern af þessum þremur verðum við ánægðir.“



**L**eikkonan Neve Campbell fluttist til London eftir að hún trúlofaðist breska leikaranum John Light en þau hafa verið saman síðan á seinasta ári. Nú búa þau í Islington og Campbell er fegin að hafa sloppið frá hinni „menningar-snaudu“ Los Angeles. „Ég hef verið í menningarlegu sveltí í tíu ár í L.A. Það er gott hvað það er mikið að gerast hérna.“



**T**eri Hatcher hefur gert lítið úr sögusögnunum um að hún og piparsveinninn George Clooney séu par. Þau snæddu þó saman á uppáhaldsveitingastað Clooneys, Casa Vega, í Kaliforníu á dögunum. „Við erum ekki par, þetta er bara slúður,“ sagði leikkonan en játaði vinskapi þeirra tveggja.



**C**harlize Theron íhugar að stofna fjölskyldu eftir að hafa leikið móður í myndinni North Country en Charlize hefur verið í sambandi með leikaranum Stuart Townsend í fimm ár. „Ég óttaðist mest að leika á móti börnum því ég á engin sjálf. Þetta fékk mig til að hugsa út í þessi mál,“ sagði Theron sem hefur þó áður lýst því yfir að þau hjúin muni aldrei giftast.



**HYUNDAI**  
**SANTAFE**  
HM 2006  
Verð frá kr. 2.670.000



# Mest seldi sportjeppinn

Hyundai Santa Fe hefur hlotið einstakar viðtökur, sem söluhæsti bíll janúarmánaðar næst á eftir Toyota Land Cruiser og um leið mest seldi sportjeppi markaðarins. Reynsluaktu Santa Fe með HM 2006 aukahlutapakka að verðmæti kr. 317.000. Komdu og upplifðu gæði og hönnun í sérflokki. **Þú gerir ekki betri kaup.**



**Verð frá kr. 2.670.000**

HM 2006 aukahlutapakki að verðmæti kr. 317.000



**HYUNDAI**  
hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



### Ólafur í liði mótsins

Ólafur Stefánsson, fyrirlíði íslenska handboltalandsliðsins, var réttilega valinn í úrvalslíð Evrópumótsins sem skýrt var frá eftir úrslitaleikinn í gær. Ólafur er skytta hægra megin í úrvalslíðinu.

# sport

sport@frettabladid.is

UNDANKEPPNI HM: ÍSLAND MÆTIR SVÍPJÓÐ Í UMSPILINU EN FRAMTÍÐ BEGGJA ÞJÓÐA ER UNDIR

## Tel helmingslíkur á sigri okkar

Í gærmorgun var dregið um það hvaða þjóðir mætast í umspili um sæti í heimsmeistaramótinu í Þýskalandi sem fram fer á næsta ári. Það er óhætt að segja að íslenska landsliðið hefði getað verið heppnara með dráttinn en sænska landsliðið verður mótherji okkar. Fyrri leikurinn verður ytra 10. eða 11. júní og sá síðari hér heima viku síðar. Það er því ljóst að það er erfitt verkefni sem bíður íslenska landsliðsins í sumar. Það er gífurlega mikið að veði í



þessum leikjum því ef landsliðið kemst ekki á HM á liðið ekki möguleika á því að fá þátttökurétt í ólympíuleikum sem haldnir verða 2008. „Þetta er mikil áskorun. Þetta verður erfitt en við höfum verið nokkuð heppnir með andstæðinga síðustu fimm ár þannig að það hlaut að koma að því að við mættum mjög erfiðum andstæðingum,“ sagði Ólafur Stefánsson, fyrirlíði íslenska landsliðsins. Ólafur stóð sig frábærlega á Evrópumótinu og sýndi það að hann er enn meðal allra bestu handknattleiksmanna í heimi. Hann var síðan

valinn í úrvalslíð mótsins. „Vissulega hefði ég viljað fá aðra mótherja í þessu umspili en Svía, ég neita því ekki. Það er mikill vilji hjá mér að spila á HM í Þýskalandi,“ sagði Ólafur. Hann var síðan beðinn um að meta möguleika íslenska liðsins gegn því sænska. „Ég tel helmingslíkur á því að við komumst áfram. Svíar eru kannski með lakara lið en oft áður, en þeir hafa samt unga og mjög góða stráka sem eru uppistaðan í liðum eins og Nordhorn og Kiel. Þetta verða því hörkuleikir og við verðum að spýta á lófana,“ sagði Ólafur. Rússar, sem við unnum svo eftirminnilega á Evrópumótinu, drögust gegn Svisslendinum í umspilinu og þá munu frændur okkar Norðmenn etja kappi við Rúmena.

### > Hiti í Egilshöllinni

Mönnum var óvenju heitt í hamsi í Egilshöllinni um helgina þegar KR og Víkingur áttust við í Reykjavíkurmótinu. Þó að um æfingamót sé að ræða var ekkert gefið eftir enda var Magnús Gylfason þarna mættur með lærisveina sína að kljást við félagið sem hann var rekinn frá síðasta sumar. Aðeins eitt mark var skorað og það gerði Davíð Þór Rúnarsson fyrir Víking og því var þetta fyrsti tapleikur KR undir stjórn Teits Þórðarsonar. KR-ingar voru þremur mönnum færri þegar flautað var til leiklokka. Liðið var búið með skiptingar sínar þegar Bjarki Gunnlaugsson og Dalibor Pauletic fóru meiddir af velli og þá fékk Bjarn-ólfur Lárusson rauða spjaldíð í viðbótartíma fyrir að tækla Viktor Bjarka Arnarsson, en þá munaði litlu að upp úr syði í Egilshöllinni.



Hollenski körfuboltinn:

## Alda Leif í stjórnuleikinn

**KÖRFUBOLTI** Alda Leif Jónsdóttir hefur orðið þess heiðurs aðnjótandi að vera valin í stjórnuleikinn í Hollandi, en leikurinn fer fram þann 26. febrúar. Alda spilar með Den Helder sem er á toppi hollensku deildarinnar og er hún ein af fjórum leikmönnum liðsins sem valinn var í norðurliði leiksins.

Alda hefur skorað 10,5 stig að meðaltali í leik, hún hefur hitt úr 60 prósent skota sinna og er með 90 prósent vítanýtingu. - egm

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR							
3	4	5	6	7	8	9	
Mánudagur							

### ■ ■ SJÓNVARP

- 14.00 EM í handbolta á Rúv.
- 15.35 Helgarsportíð á Rúv.
- 16.00 Ensku mörkin á Rúv.
- 18.30 Super Bowl á Sýn.
- 20.30 Ítölsku mörkin á Sýn.
- 21.00 Ensku mörkin á Sýn.
- 21.30 Spænsku mörkin á Sýn.
- 22.30 HM 2002 á Sýn.
- 23.40 Ensku mörkin á Rúv.

## Frakkar hefndu í úrslitaleiknum

Frakkar urðu Evrópumeistarar í fyrsta sinn í gær með því að leggja Spánverja að velli í úrslitaleiknum en Spánn vann fyrri viðureign liðanna á mótinu með yfirburðum. Danir unnu leikinn um þriðja sætið gegn ólympíumeisturum Króata. Króatinn Ivano Balic var valinn besti leikmaður mótsins.

**HANDBOLTI** Það var mikið um dýrðir þegar úrslitaleikurinn á Evrópumótinu fór fram í Zürich í gær. Frakkar stóðu uppi sem sigurvegjarar á mótinu eftir öruggan 31-23 sigur á heimsmeisturum frá Spáni. Þetta er í fyrsta sinn sem Frakkar hampa Evrópumeistararitlinum í handbolta.

Spánverjar byrjuðu betur og komust í 4-1 en þá náðu Frakkar að snúa blaðinu við með því að skora fjögur mörk í röð og taka forystuna. Í hálfleik var staðan 17-13 fyrir Frakkland og í síðari hálfleik var sigur þeirra aldrei í hættu. Eins og oft áður var það frábær varnarleikur og góð markvarsla sem var lykillinn að sigri Frakka en Didier Dinat og



**DANIR KÁTIR** Lars Rasmussen og Joachim Boldsen fagna eftir að Danmörk tryggði sér bronsverðlaunin. NORDICPHOTOS/AFP

Bertrand Gille voru nautsterkir í vörninni.

Nikola Karabatic fór hamföllum en hann var markahæstur í leiknum með ellefu mörk fyrir franska liðið, Joel Abati kom honum næstur með sex mörk. Juan Lorenzana Garcia, hornamaðurinn skemmtilegi, var markahæstur í liði Spánverja með sex mörk.

Danir tryggðu sér bronsverðlaunin með öruggum 32-27 sigri á Króatíu í leik um þriðja sæti mótsins. Dani virtist skorta einbeitingu í byrjun og Króatía náði fljótlega fjögurra marka forskoti. Þá komst danska liðið í gang en Króatía varð fyrir gífurlegu áfalli eftir tólf mínútna leik þegar Ivano Balic þurfti að yfirgefa völlinn vegna meiðsla og kom ekki meira við sögu. Danir nýttu sér það, þeir skoruðu sex síðustu mörkin í fyrri hálfleik og voru yfir 16-9 þegar gengið var til búningsherbergja.

Allan seinni hálfleik hafði Danmörk forystu, mestur var munurinn tíu mörk en á endanum var hann fimm mörk. Lars Moller Madsen var atkvæðamestur í danska liðinu með níu mörk en Jesper Jensen og Sören Stryger voru báðir með fimm. Blazenko Lackovic og Mirza Dzomba voru



